

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EBE) nr. 1408/71**frá 14. júní 1971****um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja****Efnisyfirlit**

I. BÁLKUR:	ALMENN ÁKVÆÐI (1. – 12. gr.)	4
II. BÁLKUR:	ÁKVÖRÐUN UM HVAÐA LÖGGJÖF SKULI BEITA (13. – 17. gr.)	8
III. BÁLKUR:	SÉRÁKVÆÐI UM ÝMSA BÓTAFLOKKA	11
1. kafli:	Veikindi og meðganga og fæðing	
1. þáttur:	Sameiginleg ákvæði (18. gr.)	11
2. þáttur:	Launþegar og aðstandendur þeirra (19. – 24. gr.)	11
3. þáttur:	Atvinnulausir einstaklingar og aðstandendur þeirra (25. gr.)	12
4. þáttur:	Krefjendur um lífeyri og aðstandendur þeirra (26. gr.)	13
5. þáttur:	Lífeyrisþegar og aðstandendur þeirra (27. – 34. gr.)	13
6. þáttur:	Ýmis ákvæði (35. gr.)	15
7. þáttur:	Endurgreiðslur milli stofnana (36. gr.)	15
2. kafli:	Örorka	
1. þáttur:	Bætur til launþega sem heyra eingöngu undir löggjöf þar sem bótaupphæðin er óháð lengd tryggingatímabila (37. – 39. gr.)	15
2. þáttur:	Bætur til launþega sem heyra annaðhvort eingöngu undir löggjöf sem gerir ráð fyrir því að upphæð örorkubóta fari eftir lengd tryggingatímabila eða sem heyra bæði undir slíka löggjöf og þá sem getið er um í 1. þætti (40. gr.)	16
3. þáttur:	Aukning örorku (41. gr.)	16
4. þáttur:	Bótageiðslur teknar upp aftur eftir tímabundna niðurfellingu — Breyting örorkubóta í bætur vegna elli (42. – 43. gr.)	17
3. kafli:	Ell og andlát (lífeyrir) (44. – 51. gr.)	18
4. kafli:	Vinnuslys og atvinnusjúkdómar	
1. þáttur:	Bótaréttur (52. – 59. gr.)	21
2. þáttur:	Atvinnusjúkdómur sem bætur hafa verið veittar fyrir ágerist (60. gr.)	23
3. þáttur:	Ýmis ákvæði (61. og 62. gr.)	24
4. þáttur:	Endurgreiðslur milli stofnana (63. gr.)	24
5. kafli:	Dánarstyrkir (64. – 66. gr.)	24
6. kafli:	Atvinnuleysi	
1. þáttur:	Sameiginleg ákvæði (67. og 68. gr.)	25
2. þáttur:	Atvinnulausir einstaklingar sem fara til annars aðildarríkis en hins lögbæra ríkis (69. og 70. gr.)	26
3. þáttur:	Atvinnulausir einstaklingar sem voru búsettir í öðru aðildarríki en hinu lögbæra ríki þegar þeir höfðu síðast atvinnu (71. gr.)	26

7. kafli:	Fjölskyldubætur og fjölskyldugreiðslur fyrir launþega og atvinnulausa einstaklinga	
1. þáttur:	Sameiginleg ákvæði (72. gr.)	27
2. þáttur:	Launþegar og atvinnulausir einstaklingar sem eiga fjölskyldu búsetta í öðru aðildarríki en hinu lögbæra ríki (73. – 76. gr.)	27
8. kafli:	Bætur vegna barna sem lífeyrisþegar hafa á framfæri sínu og vegna munaðarleysingja (77.-79.gr.)	28
IV. BÁLKUR:	FRAMKVÆMDARÁÐ UM FÉLAGSLEGT ÖRYGGI FARANDLAUNÞEGA (80. og 81. gr.)	30
V. BÁLKUR:	RÁDGJAFARNEFND UM FÉLAGSLEGT ÖRYGGI FARANDLAUNÞEGA (82. og 83. gr.)	31
VI. BÁLKUR:	ÝMIS ÁKVÆÐI (84. – 93. gr.)	32
VII. BÁLKUR:	BRÁÐABIRGÐA- OG LOKAÁKVÆÐI (94. – 99. gr.)	33

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 2., 7. og 51. gr.,

með hliðsjón af tillögum framkvæmdastjórnarinnar sem lagðar voru fram eftir samráð við framkvæmdaráð um félagslegt öryggi farandlaunþega ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Æ skýrar hefur komið í ljós að nauðsynlegt er að endurskoða í heild sinni reglugerð ráðsins nr. 3 ⁽⁴⁾ um félagslegt öryggi farandlaunþega, bæði að fenginni reynslu af framkvæmd reglugerðarinnar frá árinu 1959 og með hliðsjón af breytingum á löggjöf aðildarríkjanna.

Stefnt er að því að útfæra, bæta og, að vissu marki, einfalda gildandi ákvæði um samræmingu, með það í huga að verulegur munur er á löggjöf aðildarríkjanna um félagslegt öryggi.

Nú er orðið tímabært að fella saman í einn lagabálk öll grundvallarákvæði um framkvæmd 51. gr. Rómarsáttmálans um bætur til handa launþegum, að meðtöldum þeim sem sækja vinnu yfir landamæri, vinna við árstíðabundin störf og stunda sjómennsku. Æskilegt er að setja þá meginreglu

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. 194, 28. 10. 1966, bls. 3333/66 og Stjtið. EB nr. C 95, 21. 9. 1968, bls. 18

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 10, 14. 2. 1968, bls. 30 og Stjtið. EB nr. C 135, 14. 12. 1968, bls. 4.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. 64, 5. 4. 1967, bls. 1009/67 og Stjtið. EB nr. C 21, 20. 2. 1969, bls. 18.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. 30, 16. 12. 1958, bls. 561/58.

að reglugerðin gildi jafnt um alla launþega aðildarríkjanna sem eru tryggðir samkvæmt almannatryggingareglum þar sem verulegur munur er á því til hvaða einstaklinga löggjöf einstakra ríkja nær.

Ákvæðin um samræmingu á löggjöf einstakra aðildarríkjanna um félagslegt öryggi hafa áhrif á frelsi launþega, sem eru ríkisborgarar aðildarríkjanna, til flutninga, þeim er þannig ætlað að stuðla að bættum lífskjörum og starfsskilyrðum launþega með því að tryggja, í fyrsta lagi, að innan bandalagsins séu allir ríkisborgarar aðildarríkjanna jafnir að lögum og, í öðru lagi, að almannatryggingabætur til handa launþegum og þeim sem eru á þeirra framfæri séu óháðar vinnustað eða búsetu.

Þessum markmiðum verður einkum náð með því að safna saman öllum tímabilum sem nú er tekið tillit til í löggjöf einstakra ríkja til þess að launþegi öðlist og viðhaldi bótaréttinum og til að reikna út bætur, svo og með því að veita bætur til handa hinum ólíku hópum einstaklinga sem heyra undir reglugerðina, óháð búsetu þeirra innan bandalagsins.

Samræmingarákvæðin, sem tekin voru upp við framkvæmd 51. gr. Rómarsáttmálans, eiga að tryggja launþegum sem skipta um búsetu innan bandalagsins uppsöfnuð réttindi og forréttindi, án þess að bætur skarist með óréttmætum hætti.

Einstaklingar sem eiga rétt á bótum vegna örorku, elli eða andláts (lífeyrir) verða að geta notið allra bóta sem hafa safnast þeim til handa í aðildarríkjunum. En til þess að forðast óþarfa skörun bóta, sem gæti einkum og sér í lagi orsakast af tvöföldun á tryggingatímabilum og öðrum tímabilum sem eru metin sem slík, er nauðsynlegt að takmarka bæturnar við hæstu upphæð sem kæmi til greiðslu til laun-

þega frá einu þessara ríkja ef hann hefði eytt allri starfsævi sinni þar.

Nauðsynlegt er, til að tryggja hreyfanleika vinnuafis við bætt skilyrði, að koma á aukinni samræmingu reglna um atvinnuleysistryggingar og aðstoð við atvinnulausa í öllum aðildarríkjunum. Því er við hæfi, til að auðvelda atvinnuleit í hinum ýmsum aðildarríkjum, að veita þeim sem er atvinnulaus tímabundnar atvinnuleysisbætur samkvæmt löggjöf þess aðildarríkis þar sem hann var síðast skráður.

Ástæða er til að færa til betri vegar reglur þær sem falla undir reglugerð nr. 3 um fjölskyldubætur til handa fjölskyldum sem eru aðskildar, m.a. um hverjir eigi rétt á slíkum bótum og með hvaða hætti þær skuli greiddar.

Með tilliti til þess vanda er hlýst af atvinnuleysi er tilhlýðilegt að réttur til fjölskyldubóta nái til aðstandenda atvinnulausra manna sem hafa búsetu í aðildarríki öðru en því sem ber að greiða atvinnuleysisbætur.

Ástæða er til að setja sameiginlegar reglur í öllum aðildarríkjunum sem ásamt frekari aðgerðum í sömu veru miðuðu að því að nema úr gildi núverandi takmarkanir á fjölskyldubótum svo að tryggja megi bótagreiðslur til framfærslu fjölskyldna sem aðskildar eru, að frátöldum bótum sem einkum eru ætlaðar til að stuðla að fólksfjölgun. Hins vegar virðist nauðsynlegt, þegar haft er í huga hve ólík löggjöf ríkjanna er að þessu leyti, að í reynd verði að taka tillit til þessa: starfi launþegi í Frakklandi ber búseturíki aðstandenda hans ábyrgð á fjölskyldugreiðslum, starfi hann hins vegar í einhverju af hinum fimm aðildarríkjunum ber starfslandinu að greiða fjölskyldubætur.

Í samræmi við leiðir sem er að finna í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1612/68 ⁽¹⁾ frá 15. október 1968 um frelsi launþega til flutninga innan bandalagsins, er æskilegt að stofnuð verði ráðgjafarnefnd fulltrúa launþega og vinnuveitenda til þess að fjalla um þau mál sem koma til kasta framkvæmdaráðs.

Þessi reglugerð getur komið í stað þess fyrirkomulags sem gert er ráð fyrir í 4. mgr. 69. gr. stofnsáttmála Kola- og stálbandalags Evrópu.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. 259, 19. 10. 1968, bls. 2.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. BÁLKUR

ALMENN ÁKVÆÐI

I. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „launþegi“:
 - i) maður sem er skyldutryggður eða tryggður frjálsri viðvarandi tryggingu fyrir einu eða fleiri tilvikum sem falla undir almannatryggingar launþega, með fyrirvara um þær takmarkanir sem settar eru fram í V. viðauka;
 - ii) maður sem er tryggður skyldutryggingu fyrir einu eða fleiri tilvikum sem falla undir almannatryggingar og fjallað er um í þessari reglugerð ef maðurinn, samkvæmt almannatryggingareglum sem ná til allra íbúa eða allra starfandi launþega:
 - getur talist launþegi samkvæmt eðli þessara reglna eða ákvæðum þeirra um fjármögnun, eða
 - eigi það ekki við, er tryggður fyrir öðrum tilvikum sem skilgreind eru í V. viðauka, samkvæmt lögum sem gilda um launþega, annaðhvort með skyldutryggingu eða frjálsri viðvarandi tryggingu;
 - iii) maður sem er tryggður frjálsri tryggingu fyrir einu eða fleiri tilvikum sem falla undir flokka sem fjallað er um í þessari reglugerð, í almannatryggingakerfi aðildarríkis fyrir launþega eða fyrir alla íbúa eða fyrir einhvern hóp íbúa ef hann hefur verið skyldutryggður í sams konar tilviki innan kerfis fyrir launþega sama aðildarríkis;
- b) „launþegi sem sækir vinnu yfir landamæri“: maður sem ráðinn er til vinnu á yfirráðasvæði aðildarríkis en hefur búsetu í öðru aðildarríki og fer aftur heim daglega eða að minnsta kosti einu sinni í viku; launþegi sem sækir

- vinnu yfir landamæri og er sendur til starfa annars staðar í aðildarríkinu eða til annars aðildarríkis af fyrirtæki sem hann starfar hjá, heldur þeirri stöðu sinni í allt að fjóra mánuði, þótt þannig hátti til að hann geti ekki farið heim daglega eða einu sinni í viku hið minnsta;
- c) „launþegi í árstíðabundnum störfum“: maður sem er búsettur í einu aðildarríki en fer til annars aðildarríkis til þess að starfa við árstíðabundin störf hjá fyrirtæki eða vinnuveitanda í því aðildarríki í allt að átta mánuði, og dvelst í áður nefndu aðildarríkinu jafnlengi og vinnan varir; árstíðabundin störf teljast þau störf sem háð eru árstíðum og þarf að inna af hendi ár hvert;
- d) „flóttamaður“: sömu merkingar og gert er ráð fyrir í 1. gr. samnings um réttarstöðu flóttamanna sem undirritaður var í Genf 28. júlí 1951;
- e) „ríkisfangslaus maður“: sömu merkingar og gert er ráð fyrir í 1. gr. samnings um réttarstöðu ríkisfangslausra manna sem undirritaður var í New York 28. september 1954;
- f) „aðstandandi“: hver sá sem er skilgreindur eða viðurkenndur sem fjölskyldumeðlimur eða talinn er heyra til fjölskyldu samkvæmt löggjöf um þetta efni eða, í tilvikum sem um getur í a-lið 1. mgr. 22. gr. og í 39. gr. og samkvæmt löggjöf aðildarríkis þar sem aðstandandi hefur búsetu; taki löggjöf um þetta efni einungis til þeirra sem búa undir sama þaki og launþeginn, skal þessu skilyrði talið fullnægt ef sá sem í hlut á er að mestu á framfæri launþegans;
- g) „eftirlifandi“: hver sá sem er skilgreindur eða viðurkenndur sem slíkur samkvæmt löggjöf sem bætur eru veittar eftir; taki löggjöf um þetta efni einungis til þeirra sem búa undir sama þaki og launþeginn, skal þessu skilyrði talið fullnægt ef sá sem í hlut á er að mestu á framfæri launþegans;
- h) „búseta“: föst búseta;
- i) „dvöl“: tímabundin búseta;
- j) „löggjöf“: gildandi lög, reglugerðir og önnur ákvæði ásamt síðari breytingum aðildarríkis um framkvæmd almannatryggingareglna sem 1. og 2. mgr. 4. gr. ná til;
- Undir þetta falla ekki sérstakir kjarasamningar gerðir nú eða síðar, óháð því hvort yfirvöld hafa ákveðið að gera þá að skyldu eða víkkað gildissvið þeirra. Þar sem kjarasamningar hafa verið notaðir til að framkvæma tryggingarákvæði, samkvæmt lögum og reglugerðum sem um getur í undanfarandi undirgrein, má hins vegar afnema þessa takmörkun hvenær sem er með yfirlýsingu hlutaðeigandi aðildarríkis, þar sem fram kemur hvaða tryggingaflokka reglugerðinni er ætlað að ná til. Tilkynning skal gefin út um þess konar yfirlýsingu samkvæmt 96. gr. Ákvæði undanfarandi undirgreinar skulu ekki verða til þess að kerfi sem falla undir reglugerð nr. 3 verði undanþegin við beitingu þessarar reglugerðar.
- k) „samningur um félagslegt öryggi“: tvíhliða eða marghliða gjörningur sem varðar tvö eða fleiri aðildarríki svo og aðrir marghliða gjörningar sem varða að minnsta kosti tvö aðildarríki og eitt eða fleiri ríki þar að auki utan bandalagsins á sviði almannatrygginga, hvort sem hann tekur að hluta eða í heild til þeirra trygginga sem getið er í 1. og 2. mgr. 4. gr., ásamt hvers konar samningum sem gerðir eru samkvæmt nefndum gjörningi;
- l) „lögbært yfirvald“: sá ráðherra eða þeir ráðherrar eða sambærilegt yfirvald í hverju aðildarríki sem ber ábyrgð á framkvæmd laga um almannatryggingar í öllu ríkinu eða hluta þess;
- m) „framkvæmdaráð“: nefndin sem greint er frá í 80. gr.;
- n) „stofnun“: sá aðili eða yfirvald í hverju aðildarríki sem ber ábyrgð á framkvæmd allrar löggjafarinnar eða hluta hennar;
- o) „þar til bær stofnun“:
- i) stofnun sú sem hlutaðeigandi er tryggður hjá þegar hann sækir um bætur, eða
 - ii) stofnun sú sem hlutaðeigandi á eða ætti rétt á bótum frá, væri hann eða aðstandendur hans búsettir í aðildarríki þar sem stofnunin er staðsett, eða
 - iii) stofnun sú sem útnefnd er af lögbæru yfirvaldi í aðildarríkinu sem í hlut á, eða
 - iv) vinnuveitandi eða sá tryggingaraðili sem í hlut á, eða sé um það að ræða, aðili eða yfirvald útnefnt af lögbæru yfirvaldi hlutaðeigandi aðildarríkis, þegar um er að ræða reglur um ábyrgð vinnuveitanda á þeim bótum sem fjallað er um í 1. mgr. 4. gr.;

- p) „stofnun á búsetustað“ og „stofnun á dvalarstað“: í þessari röð, stofnun sem ber að greiða bætur þar sem hlutaðeigandi einstaklingur hefur búsetu og stofnun sem ber að greiða bætur þar sem hlutaðeigandi dvelst samkvæmt þeirri löggjöf sem hver stofnun starfar eftir eða, þar sem engin slík stofnun er til staðar, stofnun sem útnefnd er af lögbæru yfirvaldi aðildarríkisins sem í hlut á;
- q) „lögbært ríki“: aðildarríkið þar sem þar til bær stofnun er staðsett;
- r) „tryggingatímabil“: iðgjaldatímabil eða starfstímabil eins og það er skilgreint eða viðurkennt sem tryggingatímabil samkvæmt þeirri löggjöf sem í gildi var þegar þeim var lokið eða var talið lokið, og að auki öll tímabil sem farið er með sem slík þar sem þau í téðri löggjöf eru talin jafngilda tryggingatímabilum;
- s) „starfstímabil“: tímabil sem er skilgreint eða viðurkennt sem slíkt samkvæmt þeirri löggjöf sem í gildi var þegar því var lokið, og öll tímabil sem farið er með sem slík þar sem þau í téðri löggjöf eru talin jafngilda starfstímabilum;
- t) „bætur“ og „lífeyrir“: allar bætur og lífeyrir sem greiddar úr opinberum sjóðum, uppbætur þar á og viðbótar-greiðslur, með fyrirvara um ákvæði III. hluta, sem og eingreiðslur er geta komið í stað lífeyris og greiðslur sem eru endurgreiðslur á iðgjöldum;
- u) i) „fjölskyldubætur“: öll aðstoð eða bætur í peningum sem ætlað er að mæta útgjöldum fjölskyldu samkvæmt löggjöf þeirri sem kveðið er á um í h-lið, 1. mgr. 4. gr., að undanskildum sérstökum fæðingarbótum sem nefndar eru í I. viðauka;
- ii) „fjölskyldugreiðslur“: bætur í peningum greiddar með reglulegu millibili sem miðast eingöngu við fjölda aðstandenda og, eftir atvikum, við aldur þeirra;
- v) „dánarstyrkur“: fjárupphæð sem greidd er í eitt skipti við fráfall, að undanskilinni eingreiðslunni sem getið er í t-lið.

2. gr.

Einstaklingar sem tryggingar ná til

1. Reglugerð þessi gildir um launþega sem heyra undir eða hafa heyrt undir löggjöf eins eða fleiri aðildarríkja og sem eru ríkisborgarar eins aðildarríkis eða eru ríkisfangslausir eða flóttamenn búsettir í einhverju aðild-

arríkjanna auk aðstandenda þeirra og eftirlifenda.

2. Reglugerð þessi gildir þar að auki um eftirlifendur launþega sem heyrt hafa undir löggjöf eins eða fleiri aðildarríkja, óháð þjóðerni hlutaðeigandi launþega, þar sem eftirlifendur þeirra eru ríkisborgarar eins aðildarríkis, eða eru ríkisfangslausir eða flóttamenn sem búa í einhverju aðildarríkjanna.

3. Reglugerð þessi gildir um opinbera starfsmenn og aðra sem njóta sömu réttinda samkvæmt gildandi löggjöf, heyrir þeir undir eða hafi þeir heyrt undir löggjöf aðildarríkis sem reglugerðin gildir í.

3. gr.

Jafnræði við málsmeðferð

1. Samkvæmt sérákvæðum þessarar reglugerðar hafa einstaklingar, sem eru búsettir í aðildarríki sem þessi reglugerð gildir í, sömu skyldum að gegna og njóta sömu réttinda og þarlendur ríkisborgarar samkvæmt löggjöf þess ríkis.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda um rétt til þess að kjósa fulltrúa í stjórnir stofnana almannatrygginga eða rétt til að taka þátt í tilnefningu þeirra en hafa ekki áhrif á lagaákvæði aðildarríkis um kjörgengi eða aðferðir við tilnefningu.

3. Samningar um félagslegt öryggi, að undanskildum ákvæðum í II. viðauka, sem í gildi eru samkvæmt c-lið 2. mgr. 7. gr. og samningar gerðir samkvæmt 1. mgr. 8. gr. skulu gilda um alla þá sem þessi reglugerð nær til.

4. gr.

Tryggingaflokkar

1. Reglugerð þessi nær til allrar löggjafar um eftirfarandi flokka almannatrygginga:

- bætur vegna veikinda og meðgöngu og fæðingar;
- örorkubætur að meðtöldum bótum sem ætlaðar eru til að viðhalda eða auka möguleika á tekjuöflun;
- bætur vegna elli;
- bætur til eftirlifenda;
- bætur vegna vinnuslysa og atvinnusjúkdóma;
- dánarstyrki;
- atvinnuleysisbætur;
- fjölskyldubætur.

2. Reglugerð þessi gildir um allar almannatryggingar, almennar og sérstakar og hvort sem þær eru iðgjaldsskyldar eða ekki og einnig um reglur um ábyrgð vinnuveitanda eða skipseiganda vegna bóta samkvæmt 1. mgr.

3. Ákvæði III. bálks þessarar reglugerðar hafa þó engin áhrif á lagaákvæði aðildarríkis að því er lýtur að ábyrgð skipseiganda.

4. Reglugerð þessi gildir ekki um félagslega þjónustu eða lækniþjónustu, bætur til handa fórnarlömbum styrjaldar eða vegna afleiðinga hennar né heldur tekur hún til sérstakra reglna um opinbera starfsmenn og einstaklinga sem njóta sömu réttinda.

5. gr.

Yfirlýsingar aðildarríkja um gildissvið þessarar reglugerðar

Aðildarríkin skulu, í opinberum auglýsingum sem skulu tilkynntar og birtar í samræmi við 96. gr., tilgreina til hvaða tryggingareglna og -flokka er vísað í 1. og 2. mgr. 4. gr., svo og tilgreina lágmarksbætur þær sem vísað er til í 50. gr. og bæturnar sem vísað er til í 77. og 78. gr.

6. gr.

Samningar um félagslegt öryggi sem felldir eru úr gildi með þessari reglugerð

Reglugerð þessi skal, í samræmi við ákvæði 7. og 8. gr. og 4. mgr. 46. gr., hvað snertir þá einstaklinga og þau málefni sem hún tekur til, koma í staðinn fyrir ákvæði allra samninga um félagslegt öryggi sem eru bindandi fyrir annaðhvort:

- a) tvö eða fleiri aðildarríki eingöngu, eða
- b) að minnsta kosti tvö aðildarríki og eitt eða fleiri ríki utan bandalagsins þar sem uppgjör vegna slíkra tilvika kemur ekki til kasta stofnunar í neinu af síðartöldu ríkjunum.

7. gr.

Alþjóðleg ákvæði sem þessi reglugerð hefur ekki áhrif á

1. Reglugerð þessi skal ekki hafa áhrif á skuldbindingar vegna:

- a) samþykktar Alþjóðavinnuálagingsins sem hefur öðlast gildi eftir staðfestingu eins eða fleiri aðildarríkja;
- b) bráðabirgðasamninga Evrópuríkja um félagslegt öryggi frá 11. desember 1953 sem gerðir voru milli aðildarríkja Evrópuráðsins.

2. Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. skal eftirfarandi gilda áfram :

- a) samkomulagið frá 27. júlí 1950 um félagslegt öryggi siglingamanna á Rín, endurskoðað 13. febrúar 1961;
- b) samningur Evrópuríkja frá 9. júlí 1956 um félagslegt öryggi launþega sem vinna við millilandaflutninga;
- c) samningar um félagslegt öryggi sem tilgreindir eru í II. viðauka.

8. gr.

Samningar milli aðildarríkja

1. Tvö eða fleiri aðildarríki mega, eftir því sem þörf krefur, gera samninga sín á milli byggða á grundvallarreglum og í anda þessarar reglugerðar.

2. Sérhvert aðildarríki skal tilkynna samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 96. gr. hvern þann samning sem gerður er við önnur aðildarríki í samræmi við 1. mgr.

9. gr.

Aðgangur að frjálsum tryggingum og frjálsum viðvarandi tryggingum

1. Lagaákvæði aðildarríkis sem binda aðgang að frjálsum tryggingum eða frjálsum viðvarandi tryggingum við búsetu á yfirráðasvæði ríkisins skulu ekki gilda um launþega sem heyra undir þessa reglugerð og búsettir eru í öðru aðildarríki, að því tilskildu að fyrir á starfsævinni hafi launþegi heyrt undir löggjöf fyrrnefnda ríkisins.

2. Ef réttur til frjálsra trygginga eða frjálsra viðvarandi trygginga samkvæmt löggjöf aðildarríkisins er háður því að tryggingatímabilum sé lokið, skulu öll slík tímabil sem lokið var samkvæmt löggjöf annars ríkis tekin til greina, eftir því sem þörf er á, eins og verið hefði samkvæmt löggjöf fyrra ríkisins.

10. gr.

Eftirgjöf á skilyrðum um búsetu — Áhrif skyldutryggingar á endurgreiðslu iðgjalda

1. Hafi réttur til örorku-, elli- eða eftirlifendabóta í peningum, lífeyris vegna vinnuslysa eða atvinnusjúkdóma og dánarstyrkja verið áunninn samkvæmt löggjöf eins eða fleiri aðildarríkja, skulu þessar greiðslur ekki lækka, breytast, stöðvast tímabundið, falla niður eða vera gerðar upptækar af þeirri ástæðu að viðtakandi hafi búsetu í öðru aðildarríki en því þar sem stofnun sú sem ber ábyrgð á greiðslum er staðsett, nema þar sem annað er ákveðið í þessari reglugerð.

Undanfarandi undirgrein skal einnig gilda um eingreiðslur sem inntar eru af hendi vegna þess að eftirlifandi maki sem átti rétt á eftirlifendalífeyri gengur í hjónaband á ný.

2. Ef endurgreiðsla iðgjalda er háð því skilyrði að hlutaðeigandi heyri ekki lengur undir skyldutryggingar, samkvæmt löggjöf aðildarríkis, telst þessu skilyrði ekki fullnægt á meðan hann heyrir undir skyldutryggingu launþega samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis.

11. gr.

Uppbætur á bætur

Reglur um uppbætur í löggjöf aðildarríkis skulu gilda um bætur sem greiddar eru samkvæmt þeirri löggjöf og í krafti ákvæða þessarar reglugerðar.

12. gr.

Komið í veg fyrir að bætur skarist

1. Reglugerð þessi getur hvorki veitt né viðhaldið rétti til margvíslegra bóta sömu tegundar fyrir sama tímabil skyldutrygginga. Þetta ákvæði gildir þó ekki um bætur vegna örorku, elli, andláts (lífeyrir) eða atvinnusjúkdóms sem stofnanir í tveimur eða fleiri aðildarríkjum veita í samræmi við 41. gr., 2. og 3. mgr. 43. gr., 46., 50. og 51. gr. eða b-lið 1. mgr. 60. gr.

2. Heimilt er að beita lagaákvæðum aðildarríkis um lækun, tímabundna stöðvun eða niðurfellingu bóta ef þær skarast við aðrar bætur almannatrygginga eða vegna annarra tekna, jafnvel þótt rétturinn til bóta sé áunninn samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis eða tekjurnar til komnar í öðru aðildarríki. Þessi ákvæði gilda þó ekki fái hlutaðeigandi sams konar bætur sem stofnanir tveggja eða fleiri aðildarríkja veita samkvæmt 46., 50. eða 51. gr. eða b-lið 1. mgr. 60. gr. vegna örorku, elli, andláts (lífeyrir) eða atvinnusjúkdóms.

3. Heimilt er að beita lagaákvæðum aðildarríkis um lækun, tímabundna stöðvun eða niðurfellingu bóta til einstaklings sem fær örorkubætur eða snemmbæran ellilífeyri og stundar atvinnustarfsemi, jafnvel þótt hann stundi starfsemi sína á yfirráðasvæði annars aðildarríkis.

4. Þegar hollenskri stofnun er gert, samkvæmt c-lið 3. mgr. 57. gr. eða a-lið 2. mgr. 60. gr., að taka þátt í bótagreiðslum vegna atvinnusjúkdóma sem veittar eru samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis, lækka örorkubætur sem greiddar eru samkvæmt hollenskri löggjöf sem nemur greiðslu til þeirrar stofnunar í öðru aðildarríki sem ber að greiða bætur vegna atvinnusjúkdóms.

II. BÁLKUR

ÁKVÖRDUN UM HVADA LÖGGJÖF SKULI BEITA

13. gr.

Almennar reglur

1. Launþegi sem reglugerð þessi nær til skal aðeins heyra undir löggjöf eins aðildarríkis. Sú löggjöf skal ákveðin í samræmi við ákvæði þessa bóls.

2. Með fyrirvara um ákvæði 14. – 17. gr.:

- a) skal launþegi, sem ráðinn er til starfa í einu aðildarríki, heyra undir löggjöf þess ríkis, jafnvel þótt hann búi í öðru aðildarríki eða skráð aðsetur skrifstofu eða fyrirtækis þess eða einstaklings sem hann starfar hjá sé í öðru aðildarríki;
- b) skal launþegi, sem starfar um borð í skipi er siglir undir fána aðildarríkis, heyra undir löggjöf þess ríkis;
- c) skulu opinberir starfsmenn og þeir sem sömu réttinda njóta heyra undir sömu löggjöf og þau stjórnvöld, sem þeir vinna fyrir;

d) skal launþegi, sem er kvaddur eða endurkvaddur til herþjónustu í aðildarríki halda stöðu sinni sem launþegi og heyra undir löggjöf þess ríkis, en ef réttindi samkvæmt þeirri löggjöf eru háð því að tryggingatímabilum sé lokið fyrir herþjónustu eða áður en henni lýkur, skal taka til greina þau tryggingatímabil sem viðkomandi hefur lokið undir löggjöf annarra aðildarríkja eftir því sem þörf krefur, eins og þeim hefði verið lokið samkvæmt löggjöf fyrrgreinds ríkis.

stöðvar er skráð í skal launþegi útibúsins eða umboðsins heyra undir löggjöf þess aðildarríkis þar sem útibúið eða umboðið er;

ii) þegar vinna launþega fer að mestu fram í aðildarríki sem hann er búsettur í skal hann heyra undir löggjöf þess ríkis, jafnvel þó að fyrirtækið sem hann starfar hjá hafi enga skráða skrifstofu, vinnustöðvar, útibú eða umboð á því yfirráðasvæði;

c) launþegi, annar en sá sem starfar við millilandaflutninga, sem að jafnaði starfar í tveimur eða fleiri aðildarríkjum skal heyra undir:

i) löggjöf þess aðildarríkis sem hann býr í ef hluti starfa hans fer fram í því ríki; hið sama gildir ef hann starfar á vegum margra fyrirtækja eða vinnuveitenda sem hafa skráðar skrifstofur eða vinnustöðvar í mismunandi aðildarríkjum;

ii) löggjöf þess aðildarríkis þar sem skráð skrifstofa eða fyrirtæki þess eða vinnuveitanda sem hann starfar hjá er, ef hann er ekki búsettur í neinu því aðildarríki þar sem hann starfar;

14. gr.

Sérreglur

1. Ákvæði a-liðar 2. mgr. 13. gr. skulu gilda með fyrirvara um eftirfarandi undantekningar eða aðstæður:

a) i) ef launþegi sem er ráðinn hjá fyrirtæki í aðildarríki sem hann starfar að jafnaði hjá, er sendur til annars aðildarríkis til vinnu fyrir fyrirtækið, skal hann halda áfram að heyra undir löggjöf fyrra ríkisins, enda sé áætlaður dvalartími ekki lengri en tólf mánuðir og hann leysi ekki af annan aðsendan launþega sem lokið hefur starfstímabili sínu;

ii) ef dvalartíminn fer af ófyrirsjáanlegum ástæðum fram úr því sem ætlað var í upphafi, og yfir tólf mánuði, skal löggjöf fyrra ríkisins gilda áfram þar til vinnunni er lokið, sé það samþykkt af stjórnvaldi því í ríkinu sem starfsmaðurinn hefur verið sendur til, eða af stofnun sem það stjórnvald tilgreinir, en slíks samþykkis verður að leita áður en upphaflega tólf mánaða tímabilið rennur út. Slíkt samþykki verður þó ekki gefið út til lengri tíma en tólf mánaða;

b) launþegi sem vinnur við flutninga milli tveggja eða fleiri aðildarríkja, á landi eða í lofti, og sem vinnur hjá fyrirtæki, sem rekur farþega- eða vöruflutningaþjónustu með járnbrautum, á vegum, í lofti eða á vatnaleiðum innanlands fyrir leigugjaldi eða þóknun eða á eigin kostnað, með skráða skrifstofu eða vinnustöð í aðildarríki, skal heyra undir löggjöf hins síðastgreinda ríkis, en þó með eftirfarandi takmörkunum:

i) þegar fyrirtækið hefur útibú eða umboð í öðru aðildarríki en því sem aðsetur skrifstofu eða vinnu-

d) launþegi sem starfar í aðildarríki á vegum fyrirtækis sem hefur skráða skrifstofu eða vinnustöðvar í öðru aðildarríki og teygir arma sína yfir sameiginleg landamæri beggja ríkjanna skal heyra undir löggjöf þess aðildarríkis þar sem skráð aðsetur fyrirtækisins eða vinnustöðvar er.

2. Ákvæði b-liðar 2. mgr. 13. gr. skulu gilda með fyrirvara um eftirfarandi undantekningar og aðstæður:

a) ef launþegi, sem er ráðinn hjá fyrirtæki sem hann starfar að jafnaði hjá, annaðhvort á yfirráðasvæði aðildarríkisins eða um borð í skipi sem siglir undir fána aðildarríkis, er sendur af fyrirtækinu til að gegna störfum fyrir það um borð í skipi sem siglir undir fána annars aðildarríkis, skal hann samkvæmt skilyrðum þeim sem kveðið er á um í a-lið 1. mgr. halda áfram að heyra undir löggjöf

fyrirgreinda aðildarríkisins;

- b) launþegi sem vinnur að jafnaði ekki á sjó en er ráðinn til starfa innan landhelgi eða á hafnarsvæði eins aðildarríkis á skipi sem siglir undir fána annars aðildarríkis, án þess þó að vera skipverji, skal heyra undir löggjöf fyrirgreinda ríkisins;
- c) launþegi sem er ráðinn á skip sem siglir undir fána aðildarríkis og þiggur laun fyrir þá vinnu af fyrirtæki eða einstaklingi sem hefur skráð aðsetur skrifstofu eða vinnustöðvar í öðru aðildarríki, skal heyra undir löggjöf síðargreinda ríkisins ef hann hefur búsetu í því; fyrirtækið eða einstaklingurinn sem greiðir launin lýtur reglum um vinnuveitendur samkvæmt þeirri löggjöf.

3. Lagaákvæði í aðildarríki, sem kveða á um að lífeyrisþegi sem stundar atvinnustarfsemi sé undanþeginn skyldu tryggingu vegna starfsemi sinnar, skulu einnig gilda um lífeyrisþega sem hefur áunnið sér lífeyrisréttindi samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis.

15. gr.

Reglur um frjálsar tryggingar eða frjálsar viðvarandi tryggingar

1. Ákvæði 13. og 14. gr. skulu hvorki gilda um frjálsar tryggingar né frjálsar viðvarandi tryggingar.

2. Í þeim tilvikum er beiting löggjafar tveggja eða fleiri aðildarríkja hefur í för með sér skörun trygginga:

- skal viðkomandi einstaklingur, ef skyldu tryggingakerfi er í gildi ásamt einu eða fleiri kerfum frjálsra trygginga eða frjálsra viðvarandi trygginga, eingöngu heyra undir skyldu tryggingakerfin;
- má viðkomandi einstaklingur, þegar um er að ræða tvö eða fleiri kerfi frjálsra trygginga eða frjálsra viðvarandi trygginga, aðeins gerast aðili að því kerfi sem hann hefur valið sér.

3. Hvað snertir örorku, elli og andlát (lífeyrir) getur viðkomandi hins vegar tekið þátt í frjálsu tryggingu

eða frjálsu viðvarandi tryggingu aðildarríkis, jafnvel þó hann eigi að heyra undir löggjöf annars aðildarríkis, að því marki sem slík skörun trygginga er beint eða óbeint heimilud í fyrirgreinda aðildarríkinu.

Einstaklingur, sem óskar eftir frjálsri tryggingu eða frjálsri viðvarandi tryggingu í aðildarríki þar sem löggjöfin gerir auk slíkra trygginga ráð fyrir frjálsri uppbotartryggingu, má aðeins taka þátt í hinni síðarnefndu.

16. gr.

Sérreglur um einstaklinga sem starfa við sendiráð eða ræðismannsskrifstofur eða sem aðstoðarfólk hjá Evrópubandalaginu

1. Ákvæði a-liðar 2. mgr. 13. gr. skulu gilda um einstaklinga sem starfa hjá sendiráðum og ræðismannsskrifstofum og um starfsfólk á heimilum erindreka slíkra sendiráða eða stöðva.

2. Þó geta starfsmenn, sem heyra undir 1. mgr. og eru ríkisborgarar þess aðildarríkis sem veitt hefur þeim umboð eða sent þá, valið að heyra undir löggjöf þess ríkis. Réttinn til að velja má endurnýja í lok hvers árs án afturvirkra áhrifa.

3. Aðstoðarfólk á vegum Evrópubandalagsins getur kosid að heyra undir löggjöf þess aðildarríkis sem það vinnur í, þá löggjöf aðildarríkis sem það heyrði síðast undir, eða löggjöf þess aðildarríkis sem það hefur ríkisborgararétt í, að því er varðar önnur ákvæði en þau sem lúta að fjölskyldugreiðslum, sem ráðast af starfskjörum þeim sem um það gilda. Réttinum til að velja má aðeins beita einu sinni og gildir valið frá þeim degi er starf hefst.

17. gr.

Undantekningar frá ákvæðum 13. – 16. gr.

Tvö eða fleiri aðildarríki eða lögbær yfirvöld þeirra geta gert með sér samkomulag um undantekningar frá ákvæðum 13. – 16. gr. í þágu ákveðinna launþega eða launþegahópa.

III. BÁLKUR

SÉRÁKVÆÐI UM ÝMSA BÓTAFLOKKA

1. KAFLI

VEIKINDI OG MEÐGANGA OG FÆÐING

1. ÞÁTTUR

Sameiginleg ákvæði

18. gr.

Söfnun tryggingatímabila

1. Í aðildarríki sem bindur rétt einstaklings samkvæmt löggjöf til að öðlast, viðhalda eða endurheimta bætur því skilyrði að tryggingatímabilum sé lokið, skal þar til bær stofnun taka til greina, að því marki sem nauðsynlegt er, tryggingatímabil sem liðin eru samkvæmt löggjöf annarra aðildarríkja eins og þau hefðu liðið samkvæmt eigin löggjöf.

2. Ákvæði 1. mgr. skulu gilda um launþega í árstíðabundnum störfum, jafnvel þótt hlé á milli tryggingatímabila reynist lengra en leyfilegt er samkvæmt löggjöf þess ríkis sem í hlut á, svo fremi sem viðkomandi launþegi hafi ekki verið lengur en fjóra mánuði án trygginga.

2. ÞÁTTUR

Launþegar og aðstandendur þeirra

19. gr.

Búseta í öðru aðildarríki en hinu lögbæra ríki
— Almennar reglur

1. Launþegi sem er búsettur í öðru aðildarríki en hinu lögbæra ríki en fullnægir skilyrðum sem sett eru fyrir bótarétti í löggjöf hins síðargreinda skal, með tilliti til ákvæða 18. gr. þar sem þau eiga við, fá í búseturíkinu:

- a) aðstoð sem stofnun á búsetustaðnum lætur í té fyrir hönd þar til bærrar stofnunar, samkvæmt þeirri löggjöf sem hún starfar eftir eins og hlutaðeigandi væri tryggður þar;
- b) bætur í peningum greiddar af þar til bærrar stofnunar samkvæmt þeirri löggjöf sem hún starfar eftir. Þó getur stofnun á búsetustaðnum tekið að sér að greiða bætur

þessar samkvæmt löggjöf hins lögbæra ríkis fyrir hönd fyrrgreindrar stofnunar, hafi náðst samkomulag um það milli þessara stofnana.

2. Ákvæði í a-lið 1. mgr. skulu á hliðstæðan hátt gilda um alla aðstandendur launþegans sem eru búsettir í öðru aðildarríki en hinu lögbæra ríki, eigi þeir ekki rétt á bótum samkvæmt löggjöf þess ríkis sem þeir eru búsettir í.

20. gr.

Launþegar sem sækja vinnu yfir landamæri og
aðstandendur þeirra — Sérreglur

Launþegi sem sækir vinnu yfir landamæri getur einnig átt kost á bótum í hinu lögbæra ríki. Slíkar bætur skulu greiddar af þar til bærrar stofnunar samkvæmt löggjöf þess ríkis eins og launþeginn væri búsettur þar. Aðstandendur hans eiga rétt á aðstoð með sömu skilmálum; skal slík aðstoð þó vera háð því, nema í bráðatilvikum, að hlutaðeigandi ríki eða stofnanir þeirra hafi samið um það sín á milli eða, sé slíkt ekki fyrir hendi, að þar til bær stofnun hafi veitt heimild til þess fyrirfram.

21. gr.

Dvöl í hinu lögbæra ríki eða búferlaflutningar
þangað

1. Launþegi og aðstandendur hans sem getið er í 19. gr. sem dveljast í hinu lögbæra ríki skulu eiga kost á bótum samkvæmt löggjöf þess eins og þeir væru búsettir þar, jafnvel þótt þeir hafi fengið bætur vegna þessara sömu veikinda eða meðgöngu og fæðingar áður en dvölin hófst. Þetta gildir þó ekki um launþega sem sækja vinnu yfir landamæri og aðstandendur þeirra.

2. Launþegi og aðstandendur hans sem getið er í 19. gr. sem flytja til lögbærs ríkis skulu fá bætur samkvæmt löggjöf þess jafnvel þótt þeir hafi fengið bætur vegna þessara sömu veikinda eða meðgöngu og fæðingar fyrir búferlaflutninginn.

22. gr.

Dvöl utan lögbærs ríkis — Endurkoma eða búferlaflutningar til annars aðildarríkis á veikinda- eða meðgöngutíma — Nauðsynlegar ferðir til annars aðildarríkis í lækningaskyni

1. Launþegi sem fullnægir bótaskilyrðum sem sett eru í löggjöf lögbærs ríkis, með tilliti til ákvæða 18. greinar þar sem þau eiga við, og:

- a) sem af heilsufarsástandum þarfnast bóta án tafar á meðan hann dvelur í öðru aðildarríki, eða
- b) sem hefur áunnið sér rétt á bótum frá þar til bærrí stofnun og hefur heimild hennar til að hverfa aftur til þess aðildarríkis þar sem hann er búsettur eða flytjast búferlum til annars aðildarríkis, eða
- c) sem hefur heimild þar til bærrar stofnunar til að leita sér lækninga í öðru aðildarríki, skal eiga rétt á:
 - i) aðstoð sem stofnun á dvalar- eða búsetustaðnum lætur honum í té samkvæmt þeirri löggjöf sem hún starfar eftir fyrir hönd hinnar þar til bæru stofnunar eins og hann væri tryggður hjá henni; þó skal tímalengd aðstoðarinnar fara eftir löggjöf hins lögbæra ríkis;
 - ii) bótum í peningum sem þar til bærrí stofnun ber að greiða samkvæmt þeirri löggjöf sem hún starfar eftir. Þó getur stofnun á dvalar- eða búsetustaðnum tekið að sér að greiða slíkar bætur fyrir hönd þeirrar fyrrgreindu samkvæmt löggjöf hins lögbæra ríkis, hafi samkomulag um það náðst milli þessara stofnana.

2. Einungis er unnt að synja um heimild þá sem krafist er samkvæmt b-lið 1. mgr. ef ljóst er að flutningur viðkomandi hafi skaðleg áhrif á heilsufar hans eða möguleika til að fá lækni meðferð.

Eigi má synja um heimild þá sem krafist er samkvæmt c-lið 1. mgr. eigi viðkomandi ekki kost á þessari meðferð í aðildarríkinu þar sem hann er búsettur.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu gilda um aðstoð til handa aðstandendum launþegans.

4. Þótt launþegi heyri undir ákvæði 1. mgr. skal það ekki hafa áhrif á bótarétt aðstandenda hans.

23. gr.

Útreikningur bóta í peningum

1. Í aðildarríki þar sem bætur í peningum eru samkvæmt löggjöf reiknaðar út eftir meðalkaupi eða -launum skal þar til bærf stofnun eingöngu ákvarða meðalkaup eða -laun með hliðsjón af kaupum eða launum sem greidd voru á þeim tryggingatímabilum sem hlutaðeigandi hefur lokið samkvæmt fyrrgreindri löggjöf.

2. Í aðildarríki þar sem bætur í peningum eru samkvæmt löggjöf reiknaðar út eftir viðmiðunarkaupum eða -launum skal þar til bærf stofnun eingöngu taka til greina það viðmiðunarkaup eða -laun eða, þar sem við á, meðaltal viðmiðunarkaup eða -launa fyrir þau tryggingatímabil sem hlutaðeigandi hefur lokið samkvæmt fyrrgreindri löggjöf.

3. Í aðildarríki þar sem bætur í peningum eru reiknaðar út samkvæmt löggjöf eftir fjölda aðstandenda skal þar til bærf stofnun taka tillit til aðstandenda sem búsettir eru í öðru aðildarríki á sama hátt og væru þeir búsettir í hinu lögbæra ríki.

24. gr.

Veruleg aðstoð

1. Hafi stofnun í einu aðildarríki viðurkennt rétt launþega eða aðstandenda hans til gervilims, meiri háttar hjálpartækja eða annarrar verulegrar aðstoðar áður en hann er tryggður hjá stofnun í öðru aðildarríki, skal launþeginn fá aðstoðina á kostnað fyrrnefndu stofnunarinnar, jafnvel þótt aðstoðin sé veitt eftir að hann er tryggður hjá síðarnefndu stofnuninni.

2. Framkvæmdaráðið skal sjá um að taka saman skrá yfir þær bætur sem falla undir 1. mgr.

3. ÞÁTTUR

Atvinnulausir einstaklingar og aðstandendur þeirra

25. gr.

1. Atvinnulaus einstaklingur sem heyrir undir 1. mgr. 69. gr. og annan málslið ii-liðar í b-lið 1. mgr. 71. gr. og

sem fullnægir skilyrðum hins lögbæra ríkis fyrir aðstoð og bótum í peningum, með tilliti til ákvæða 18. gr. þar sem þau eiga við, skal fá fyrir tímabilið sem kveðið er á um í c-lið 1. mgr. 69. gr.:

- a) aðstoð sem stofnun í aðildarríki þar sem hann leitar sér atvinnu lætur honum í té, fyrir hönd þar til bærrar stofnunar, samkvæmt þeirri löggjöf sem hún starfar eftir, eins og hann væri tryggður hjá henni;
- b) bætur í peningum sem þar til bærri stofnun ber að greiða samkvæmt þeirri löggjöf sem hún starfar eftir. Þó má stofnun í aðildarríki þar sem atvinnulaus maður leitar sér atvinnu greiða honum bætur fyrir hönd þeirrar fyrrgreindu í samræmi við löggjöf lögbæra ríkisins, hafi náðst samkomulag um það milli stofnananna. Atvinnuleysisbætur sem heyra undir 1. mgr. 69. gr. skulu þó ekki greiddar fyrir sama tímabil og bætur í peningum eru greiddar á.

2. Einstaklingur sem er með öllu atvinnulaus og heyrir undir ákvæði ii-liðar í a-lið 1. mgr. 71. gr. eða ákvæði fyrsta málslíðar ii-liðar í b-lið 1. mgr. 71. gr. skal fá aðstoð og bætur í peningum samkvæmt löggjöf þess aðildarríkis sem hann er búsettur í, eins og hann hefði heyrt undir löggjöf þess þegar hann hafði síðast atvinnu, með tilliti til ákvæða 18. gr. þar sem þau eiga við; skal stofnun á búsetustaðnum bera ábyrgð á kostnaði vegna slíkra bóta.

3. Ef atvinnulaus einstaklingur fullnægir skilyrðum laganna fyrir aðstoð í aðildarríki sem ber að greiða atvinnuleysisbætur, með tilliti til ákvæða 18. gr. þar sem þau eiga við, skulu aðstandendur hans eiga kost á slíkri aðstoð án tillits til þess í hvaða aðildarríki þeir eru búsettir eða dveljast. Stofnun í búsetu- eða dvalarlandi þeirra skal láta slíka aðstoð í té samkvæmt þeirri löggjöf sem hún starfar eftir, fyrir hönd þar til bærrar stofnunar í aðildarríkinu sem ber ábyrgð á kostnaði vegna atvinnuleysisbóta.

4. Þar til bærri stofnun er heimilt innan ramma eigin laga að lengja bótatímabilið sem gert er ráð fyrir samkvæmt 1. mgr. þegar óviðráðanlegar aðstæður eru fyrir hendi, án þess þó að það hafi áhrif á þau lagaákvæði aðildarríkis sem heimila greiðslu sjúkrahóta á lengra tímabili.

4. ÞÁTTUR

Krefjendur um lífeyri og aðstandendur þeirra

26. gr.

Réttur til aðstoðar þegar þar til bær stofnun ber ekki lengur ábyrgð á bótageiðslum til einstaklings

1. Falli réttur launþega, aðstandenda hans eða eftirlifenda til aðstoðar niður, samkvæmt löggjöf aðildarríkisins sem síðast átti í hlut, á meðan mál þess er í hlut á er til athugunar, skal hann og/eða þeir engu að síður fá aðstoð með eftirfarandi skilyrðum: þeim skal vera látin í té aðstoð samkvæmt löggjöf þess aðildarríkis sem hlutaðeigandi er búsettur í, að því tilskildu að þeir eigi rétt til slíkra bóta samkvæmt löggjöf þess eða ættu rétt til þeirra samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis væru þeir búsettir þar, með tilliti til ákvæða 18. gr. þar sem þau eiga við.

2. Krefjandi um lífeyri, sem á rétt á aðstoð samkvæmt löggjöf aðildarríkis þar sem viðkomandi einstaklingi ber sjálfum að greiða sjúkratryggingaiðgjöld á meðan krafa hans um lífeyri er til athugunar, missir þennan rétt til aðstoðar hafi hann ekki staðið skil á iðgjaldageiðslum í tvo mánuði samfleytt.

3. Stofnun sem innheimtir iðgjöld samkvæmt 2. mgr. ber að greiða kostnað við aðstoð sem veitt er samkvæmt 1. mgr.; þegar slíkra iðgjaldageiðslna er ekki krafist samkvæmt 2. mgr. skal sú stofnun sem ber ábyrgð á kostnaðinum vegna aðstoðar endurgreiða hlutaðeigandi stofnun á búsetustaðnum bótakostnaðinn eftir að hafa úrskurðað um lífeyri samkvæmt 28. gr.

5. ÞÁTTUR

Lífeyrisþegar og aðstandendur þeirra

27. gr.

Lífeyrir sem skylt er að greiða samkvæmt löggjöf fleiri ríkja þegar fyrir hendi er réttur á aðstoð á búsetustaðnum

Lífeyrisþegi sem á rétt á lífeyri samkvæmt löggjöf tveggja eða fleiri aðildarríkja og sem á rétt á aðstoð í því aðildarríki sem hann er búsettur í, með tilliti til ákvæða 18. gr. og V. viðauka þar sem við á, skal, ásamt aðstandendum, fá bætur frá stofnun á búsetustaðnum og á kostnað hennar

eins og hann væri lífeyrisþegi sem ætti eingöngu rétt á lífeyri samkvæmt löggjöf þess ríkis.

28. gr.

Lífeyrir sem skylt er að greiða samkvæmt löggjöf fleiri aðildarríkja þegar ekki er fyrir hendi réttur á aðstoð á búsetustaðnum

1. Lífeyrisþegi sem á rétt á lífeyri samkvæmt löggjöf eins aðildarríkis eða fleiri en sem á ekki rétt á aðstoð samkvæmt löggjöf í aðildarríkinu sem hann er búsettur í skal þó fá slíkar bætur sér og öðrum aðstandendum til handa ef, með tilliti til ákvæða 18. gr. og V. viðauka þar sem við á, hann ætti að öðrum kosti rétt á þeim samkvæmt löggjöf eins aðildarríkis hið minnsta sem bæri ábyrgð á lífeyri væri hann búsettur þar. Skal stofnun í dvalarlandinu greiða honum bæturnar fyrir hönd stofnunarinnar sem getið er í 2. mgr. eins og hlutaðeigandi væri lífeyrisþegi sem heyrði undir löggjöf þess ríkis sem hann er búsettur í og ætti rétt á aðstoð þar.

2. Í tilvikum sem falla undir ákvæði 1. mgr. skal ákveðið hvaða stofnun skuli bera ábyrgð á kostnaði vegna aðstoðar samkvæmt eftirfarandi reglum:

- a) þar sem lífeyrisþegi á rétt á téðri aðstoð einungis samkvæmt löggjöf eins aðildarríkis, skal þar til bær stofnun í því ríki bera ábyrgð á kostnaðinum;
- b) þar sem lífeyrisþegi á rétt á téðri aðstoð samkvæmt löggjöf tveggja eða fleiri aðildarríkja, skal hin þar til bæra stofnun í aðildarríki þar sem hlutaðeigandi hefur lokið lengsta tryggingatímabili sínu bera kostnað vegna hennar. Leiði þetta til þess að fleiri stofnanir teljist bera ábyrgð á kostnaðinum, skal sú stofnun sem lífeyrisþegi var síðast tryggður hjá bera kostnaðinn.

29. gr.

Búseta aðstandenda í öðru ríki en búseturíki lífeyrisþegans — Búferlaflutningar til búseturíkis lífeyrisþegans

1. Aðstandendur lífeyrisþega sem eiga rétt á bótum samkvæmt löggjöf eins aðildarríkis eða fleiri og sem búsettir eru í aðildarríki öðru en búseturíki lífeyrisþegans skulu, í þeim tilvikum þar sem hann á rétt á aðstoð samkvæmt löggjöf

aðildarríkis, fá slíka aðstoð eins og hann væri búsettur á sama stað og þeir. Skal þar til bær stofnun á búsetustaðnum aðstandendanna láta þessa aðstoð í té samkvæmt þeirri löggjöf sem hún starfar eftir og skal stofnunin á búsetustaðnum lífeyrisþegans bera kostnað vegna þeirra.

2. Aðstandendur lífeyrisþega sem um getur í 1. mgr. sem flytja til þess aðildarríkis þar sem lífeyrisþeginn er búsettur skulu fá bætur samkvæmt löggjöf þess ríkis, jafnvel þótt þeir hafi fengið bætur vegna þessara sömu veikinda eða meðgöngu og fæðingar áður en þeir fluttust búferlum.

30. gr.

Veruleg aðstoð

Ákvæði 24. gr. skulu gilda á hliðstæðan hátt gagnvart lífeyrisþegum.

31. gr.

Lífeyrisþegi og/eða aðstandendur hans sem dveljast í öðru ríki en búseturíki þeirra

Lífeyrisþegi sem á rétt á lífeyri samkvæmt löggjöf eins aðildarríkis eða fleiri og sem á einnig rétt á aðstoð samkvæmt löggjöf eins þeirra skal, ásamt aðstandendum, fá slíka aðstoð á meðan hann dvelur í aðildarríki öðru en búseturíki þeirra. Skal stofnun á dvalarstaðnum láta þessa aðstoð í té samkvæmt þeirri löggjöf sem hún starfar eftir og skal stofnun á búsetustaðnum lífeyrisþegans bera kostnað vegna hennar.

32. gr.

Sérákvæði um ábyrgð á kostnaði vegna bóta til handa launþegum sem áður sóttu vinnu yfir landamæri, aðstandendum þeirra eða eftirlifendum

Kostnaður vegna bóta til handa lífeyrisþega sem áður sótti vinnu yfir landamæri eða eftirlifenda hans sem veittar eru samkvæmt ákvæðum 27. gr. og kostnaður vegna bóta til handa aðstandendum hans sem eru veittar samkvæmt ákvæðum 27. eða 31. gr. deilist jafnt milli stofnunar á búsetustað lífeyrisþegans og stofnunar á þeim stað þar sem hann var síðast tryggður, hafi launþeginn stundað þá vinnu þrjá síðustu mánuðina áður en hann öðlaðist bótaréttinn eða áður en lát hans bar að.

33. gr.

Iðgjöld sem lífeyrisþegum ber að greiða

Í aðildarríki þar sem löggjöfin gerir ráð fyrir frádrætti frá lífeyrisgreiðslum vegna iðgjalda sem lífeyrisþegi greiðir til að standa straum af kostnaði vegna aðstoðar, er stofnuninni sem ber ábyrgð á lífeyrisgreiðslum heimilt að draga slíkar upphæðir, reiknaðar samkvæmt hlutaðeigandi löggjöf, frá bótum sem henni ber að greiða, að því marki sem kostnaður vegna aðstoðar samkvæmt ákvæðum 27., 28., 31. og 32. gr. greiðist af stofnun í því aðildarríki.

34. gr.

Almenn ákvæði

Ákvæðum 27. – 31. gr. skal ekki beitt gagnvart lífeyrisþega eða aðstandendum hans hafi hann áunnið sér rétt á aðstoð samkvæmt löggjöf aðildarríkis með því að stunda atvinnustarfsemi. Í slíkum tilvikum skal litið á viðkomandi sem launþega eða aðstandanda hans, að því er þennan kafla varðar.

6. ÞÁTTUR

Ýmis ákvæði

35. gr.

Hvaða bótakerfi skal nota þegar um fleiri kerfi er að ræða í búsetu- eða dvalarlandi — Fyrri veikindi — Hámarks lengd bóta tímabils

1. Hafi löggjöf á dvalar- eða búsetustaðnum að geyma nokkur kerfi trygginga vegna veikinda eða meðgöngu og fæðingar skulu ákvæði 19., 21.(1. mgr.), 22., 25., 26., 28.(1. mgr.), 29.(1. mgr.) eða 31. gr. fara eftir bótakerfi verkafólks í stáliðnaði. Geri þessi löggjöf aftur á móti ráð fyrir sérstöku kerfi fyrir námumenn og launþega í svipuðum störfum skulu ákvæði slíkra kerfa gilda gagnvart þessum hópi launþega og aðstandendum þeirra, að því tilskildu að stofnunin á búsetu- eða dvalarstað þeirra fái umsókn um það og sé fær um að annast slíkt bótakerfi.

2. Ef löggjöf aðildarríkis bindur rétt til bóta skilyrði um uppruna veikindanna skal það skilyrði hvorki gilda gagnvart launþegum né aðstandendum þeirra sem heyra undir þessa reglugerð, án tillits til þess í hvaða aðildarríki þeir eru búsettir.

3. Í aðildarríki þar sem hámarks lengd bóta tímabils er tilgreind í löggjöfinni er stofnun sem starfar samkvæmt þeirri löggjöf heimilt að taka til greina þau tímabil sem stofnun í öðru aðildarríki greiddi bætur á vegna þessara sömu veikinda eða meðgöngu og fæðingar.

7. ÞÁTTUR

Endurgreiðslur milli stofnana

36. gr.

1. Aðstoð sem stofnun í einu aðildarríki veitir samkvæmt þessum kafla fyrir hönd stofnunar í öðru aðildarríki skal endurgreidd að fullu, samanber þó ákvæði 32. gr.

2. Endurgreiðslurnar sem getið er í 1. mgr. skulu ákvarðaðar og greiddar í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í framkvæmdarreglugerðinni sem um getur í 97. gr., annaðhvort eftir að staðfesting um greiðslu hefur verið lögð fram eða með eingreiðslum.

Í síðargreindu tilviki skulu upphæðir eingreiðslna fara eins nálægt raunverulegum kostnaði og unnt er.

3. Tveimur eða fleiri aðildarríkjum eða lögbærum yfirvöldum þeirra er heimilt að semja sín í milli um annað fyrirkomulag á endurgreiðslum eða fella þær niður milli stofnana sem undir þau heyra.

2. KAFLI

ÖRORKA

1. ÞÁTTUR

Bætur til launþega sem heyra eingöngu undir löggjöf þar sem bótaupphæðin er óháð lengd tryggingatímabils

37. gr.

Almenn ákvæði

1. Launþegi sem hefur samfelld eða sitt á hvað heyrir undir löggjöf tveggja aðildarríkja eða fleiri, og sem einungis hefur fullnægt skilyrðum um tryggingatímabil samkvæmt löggjöf sem mælir svo fyrir að upphæð örorkubóta sé óháð lengd tryggingatímabils, skal fá bætur samkvæmt 39. gr. Þessi grein hefur engin áhrif á lífeyrishækkunar eða viðbætur vegna barna sem veittar hafa verið samkvæmt ákvæðum í

8. kafla.

2. Í III. viðauka er að finna skrá yfir löggjöf sem nefnd er í 1. mgr. og er í gildi í hverju aðildarríkja.

38. gr.

Söfnun tryggingatímabila

1. Í aðildarríki sem bindur rétt einstaklings samkvæmt löggjöf til að öðlast, viðhalda eða endurheimta bætur því skilyrði að tryggingatímabilum sé lokið, skal þar til bær stofnun taka til greina, að því marki sem nauðsynlegt er, tryggingatímabil sem liðin eru samkvæmt löggjöf annarra aðildarríkja eins og þau hefðu liðið samkvæmt eigin löggjöf.

2. Þegar löggjöf aðildarríkis setur það skilyrði fyrir veitingu tiltekinna bóta að tryggingatímabilum sé lokið skal taka til greina þau tryggingatímabil sem er að fullu lokið samkvæmt löggjöf annarra aðildarríkja, eftir því sem við á, þegar bætur eru ákvarðaðar en þó aðeins hafi þeim verið lokið samkvæmt sambærilegum reglum, eða að öðrum kosti í sömu starfsgrein eða í sama starfi. Fullnægi einstaklingur ekki þeim skilyrðum sem sett eru fyrir greiðslu bóta þó að tillit sé tekið til liðinna tryggingatímabila, þá skulu þessi tímabil tekin með þegar bætur eru ákvarðaðar samkvæmt hinum almennu reglum eða að öðrum kosti samkvæmt þeim reglum sem gilda um verka- og skrifstofufólk eftir því sem við á.

39. gr.

Úthlutun bóta

1. Verði einstaklingur óvinnufær og síðan öryrki, skal stofnun í lögbæra aðildarríkinu ákvarða hvort hann fullnægir þeim skilyrðum sem sett eru fyrir bótarétti samkvæmt gildandi löggjöf þess ríkis, með tilliti til ákvæða 38. gr. þar sem þau eiga við.

2. Einstaklingur sem fullnægir skilyrðum 1. mgr. skal eingöngu fá bætur frá téðri stofnun, samkvæmt þeirri löggjöf sem hún starfar eftir.

3. Fullnægi einstaklingur ekki skilyrðum 1. mgr., fær hann þær bætur sem hann á enn rétt á samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis með tilliti til ákvæða 38. gr. þar sem þau eiga við.

4. Geri löggjöfin sem getið er um í 2. eða 3. mgr. ráð fyrir því að upphæð bóta skuli ákvörðuð með tilliti til aðstandenda bótaþega annarra en barna hans, skal þar til bær stofnun einnig taka tillit til aðstandenda bótaþegans sem búsettir eru í öðrum aðildarríkjum, á sama hátt og væru þeir búsettir í hlutaðeigandi ríki.

2. ÞÁTTUR

Bætur til launþega sem heyra annaðhvort eingöngu undir löggjöf sem gerir ráð fyrir því að upphæð örorkubóta fari eftir lengd tryggingatímabila eða sem heyra bæði undir slíka löggjöf og þá sem getið er um í 1. þætti

40. gr.

Almenn ákvæði

1. Heyri launþegi samfelld eða sitt á hvað undir löggjöf tveggja aðildarríkja eða fleiri, og minnst ein þeirra er annars eðlis en sú sem um getur í 1. mgr. 37. gr, skal hann fá bætur samkvæmt ákvæðum 3. kafla, sem skal gilda á hliðstæðan hátt, og með hliðsjón af ákvæðum 3. mgr.

2. Þó skal launþegi, sem orðið hefur óvinnufær og síðan öryrki á meðan hann heyrði undir löggjöf sem tilgreind er í III. viðauka, fá bætur samkvæmt 1. mgr. 37. gr. að fullnægðum tveimur skilyrðum:

— að hann fullnægi skilyrðum löggjafarinnar, eða annarrar samsvarandi, með tilliti til ákvæða 38. gr. þar sem þau eiga við, en án þess að telja með tryggingatímabil sem liðin eru samkvæmt löggjöf sem ekki er getið um í III. viðauka, og

— að hann fullnægi ekki skilyrðum til bótaréttar samkvæmt löggjöf sem ekki er getið um í III. viðauka.

3. Mat stofnunar aðildarríkis á örorku krefjanda er jafnframt bindandi fyrir þar til bærar stofnanir annarra aðildarríkja, að því tilskildu að samræmi sé í löggjöf þessara ríkja hvað varðar örorkumat samkvæmt IV. viðauka.

3. ÞÁTTUR

Aukning örorku

41. gr.

1. Í þeim tilvikum þar sem örorkan ágerist hjá launþega sem nýtur bóta samkvæmt löggjöf eins aðildarríkis, skulu

eftirfarandi ákvæði gilda:

- a) hafi viðkomandi ekki heyrt undir löggjöf annars aðildarríkis frá því að bótagreiðslur hófust, skal þar til bær stofnun í fyrra ríkinu veita bætunar að teknu tilliti til aukinnar örorku samkvæmt þeirri löggjöf sem hún starfar eftir;
- b) hafi viðkomandi heyrt undir löggjöf eins eða fleiri aðildarríkja frá því að bótagreiðslur hófust, skal veita honum bætunar að teknu tilliti til aukinnar örorku í samræmi við 1. mgr. 37. gr. eða 1. eða 2. mgr. 40. gr. eftir því sem við á;
- c) ef heildarupphæð bóta eða bótanna sem greiddar eru samkvæmt b-lið er lægri en upphæð bóta sem viðkomandi fékk hjá stofnun þeirri sem bar ábyrgð á bótagreiðslu, þá er hún skuldbundin til að greiða honum viðbótarfjárhæð sem nemur mismuninum á þessum tveimur upphæðum;
- d) ef stofnun í Hollandi bar ábyrgð á upphaflegri óvinnu-hæfni samkvæmt málsatvikum í b-lið, og:
 - i) veikindin sem leiddu til aukinnar örorku voru einnig ástæða upprunalegra bótagreiðslna samkvæmt löggjöf Hollands;
 - ii) veikindin eru skilgreind sem atvinnusjúkdómur samkvæmt löggjöf þess aðildarríkis sem einstaklingurinn heyrði síðast undir og veita honum rétt til þeirrar viðbótarfjárhæðar sem getið er um í b-lið 1. mgr. 60. gr.; og
 - iii) sú löggjöf sem einstaklingurinn hefur heyrt undir frá því að bótagreiðslur hófust er tilgreind í III. viðauka;

þá ber stofnuninni í Hollandi að halda áfram upphaflegum bótagreiðslum eftir að örorka ágerist, og skulu þær bótagreiðslur sem viðkomandi fær frá Hollandi dregnar frá þeim bótum sem hann á rétt á samkvæmt löggjöf þess aðildarríkis sem hann heyrði síðast undir;

- e) ef, í því tilviki sem um getur í b-lið, viðkomandi einstaklingur á engan rétt til bóta frá stofnun í öðru aðildarríki, ber þar til bæri stofnun í fyrsta ríkinu að veita bætur í samræmi við löggjöf þess ríkis, að teknu tilliti til aukinnar örorku, svo og ákvæða 38. gr., þar sem við á.

2. Nú ágerist örorka sem launþegi þiggur bætur fyrir samkvæmt löggjöf tveggja eða fleiri aðildarríkja og skulu honum þá veittar hærri bætur, að teknu tilliti til aukinnar örorku, í samræmi við ákvæði 1. mgr. 40. gr.

4. ÞÁTTUR

Bótagreiðslur teknar upp aftur eftir tíma- bundna niðurfellingu — Breyting örorku- bóta í bætur vegna elli

42. gr.

Ákvörðun um hvaða stofnun skal bera ábyrgð á bótagreiðslum þegar greiðsla örorkubóta hefst að nýju

1. Þegar greiðsla örorkubóta hefst að nýju eftir tíma-
bundna niðurfellingu, verður sú eða þær stofnanir sem báru ábyrgð á bótagreiðslunum þegar þær voru stöðvaðar ábyrgar fyrir þeirri greiðslu, samanber þó 43. gr.

2. Ef ástand einstaklings gefur ástæðu til frekari bótagreiðslna eftir að þær hafa verið felldar niður, þá skulu þær veittar í samræmi við ákvæði 1. mgr. 37. gr. eða 1. eða 2. mgr. 40. gr., eftir því sem við á.

43. gr.

Breyting örorkubóta í bætur vegna elli

1. Örorkubótum skal breytt í bætur vegna elli, eftir því sem við á, í samræmi við skilyrði þeirrar löggjafar sem gildi þegar bætunar voru veittar, og í samræmi við ákvæði 3. kafla.

2. Sérhver stofnun í aðildarríki sem ber ábyrgð á greiðslu örorkubóta til einstaklings samkvæmt löggjöf um starfsemi hennar skal áfram greiða honum þessar bætur, þótt viðkomandi geti, í krafti 49. gr., krafist bóta vegna elli samkvæmt löggjöf annarra aðildarríkja, þar til ákvæði 1. mgr. taka gildi.

3. Hafi örorkubætun, í því tilviki sem um getur í 2. mgr., verið greiddar í samræmi við 39. gr. má sú stofnun sem ber ábyrgð á greiðslu þessara bóta beita fyrir sig a-lið 1. mgr. 49. gr., eins og viðtakandi hafi uppfyllt skilyrði löggjafar aðildarríkisins um rétt til bóta vegna elli, með því

að upphæð örorkubóta frá fyrrgreindri stofnun komi í stað viðmiðunarupphæðarinnar sem getið er í a-lið 2. mgr. 46. gr.

3. KAFLI

ELLI OG ANDLÁT (LÍFEYRIR)

44. gr.

Almenn ákvæði um veitingu bóta þegar launþegi hefur heyrt undir löggjöf tveggja eða fleiri aðildarríkja

1. Hafi launþegi heyrt undir löggjöf tveggja eða fleiri aðildarríkja skal ákvarða bótarétt hans, eða eftirlifenda hans, samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

2. Þegar bótakrafa er lögð fram skal við ákvörðun um afgreiðslu hennar hafa hliðsjón af allri löggjöf, sem um launþegann hefur gilt, þó með fyrirvara um ákvæði 49. gr. Frá þessari reglu skal vikið ef hlutaðeigandi óskar þess sérstaklega að greiðslu bóta vegna elli, sem hann á rétt á samkvæmt löggjöf eins eða fleiri aðildarríkja, sé frestað, að því tilskildu að tryggingatímabil, sem lokið hefur verið samkvæmt löggjöf þess eða þeirra ríkja, séu ekki metin til bótaréttar í öðru aðildarríki.

3. Kafli þessi gildir hvorki um hækkningar eða viðbætur við lífeyri vegna barna né um munaðarleysingabætur sem greiddar eru samkvæmt 8. kafla.

45. gr.

Mat á tryggingatímabilum sem launþegi hefur uppfyllt til að öðlast, viðhalda eða endurheimta bótarétt samkvæmt löggjöf sem hann hefur heyrt undir

1. Í aðildarríki sem bindur rétt einstaklings samkvæmt löggjöf til að öðlast, viðhalda eða endurheimta bætur því skilyrði að tryggingatímabilum sé lokið, skal þar til bær stofnun taka til greina, að því marki sem nauðsynlegt er, tryggingatímabil sem liðin eru samkvæmt löggjöf annarra aðildarríkja eins og þau hefðu liðið samkvæmt eigin löggjöf.

2. Ef það er gert að skilyrði fyrir tilteknum bótageiðslum í löggjöf aðildarríkis að tryggingatímabil hafi liðið í starfi sem heyrir undir ákveðið kerfi eða, eftir því sem við á, í tilteknu starfi skulu tryggingatímabil sem lokið hefur ver-

id samkvæmt löggjöf annarra aðildarríkja tekin til greina við veitingu slíkra bóta en þó aðeins hafi þeim verið lokið samkvæmt sambærilegu kerfi eða, að öðrum kosti, í sömu starfsgrein eða, eftir því sem við á, í sama starfi. Fullnægi viðkomandi, þar sem slíkt á við, ekki skilyrðum fyrir bótarétti, þegar þau tryggingatímabil sem þannig teljast liðin hafa verið metin, skal meta þau við ákvörðun um bótarétt hans samkvæmt hinu almenna kerfi, eða að öðrum kosti samkvæmt því kerfi sem gildir um verka- eða skrifstofufólk, eftir því sem við á.

3. Ef það er gert að skilyrði í löggjöf aðildarríkis fyrir bótageiðslum, að löggjöf þess gildi um launþega á þeim tíma er áhættan kemur fram, og engin skilyrði eru sett um lengd tryggingatímabila við ákvörðun um bótarétt eða útreikning bóta, skal litið svo á hvað þennan kafla varðar að launþegi sem heyrir ekki lengur undir þessa löggjöf falli samt undir ákvæði hennar þegar áhættan kemur fram, ef hann heyrir undir löggjöf annars aðildarríkis á þeim tíma, eða hafi að öðrum kosti átt rétt á að krefjast bóta samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis. Hinu síðarnefnda skilyrði telst þó fullnægt í því tilviki sem um getur í 1. mgr. 48. gr.

46. gr.

Úthlutun bóta

1. Heyri launþegi undir löggjöf aðildarríkis og fullnægi hann skilyrðum hennar til bótaréttar án þess að beita þurfi ákvæðum 45. gr., skal þar til bær stofnun þess aðildarríkis ákvarða fjárhæð bóta samkvæmt löggjöf þeirri sem hún starfar eftir í samræmi við heildarlengd þeirra tryggingatímabila sem metin eru samkvæmt fyrrgreindri löggjöf.

Stofnunin skal einnig reikna út fjárhæð bóta sem viðkomandi fengi ef beitt væri reglum a og b-liða 2. mgr. Taka skal mið af þeirri fjárhæð sem hærri reynist.

2. Heyri launþegi undir löggjöf aðildarríkis og fullnægi hann ekki skilyrðum til bótaréttar nema farið sé að ákvæðum 45. gr., skal þar til bær stofnun þess aðildarríkis beita eftirfarandi reglum:

- a) stofnunin skal reikna út þá viðmiðunarfjárhæð bóta, sem viðkomandi gæti krafist ef öll þau tryggingatímabil sem hann hefur uppfyllt samkvæmt viðeigandi löggjöf í hverju aðildarríki hefðu liðið í því ríki sem í hlut á

og samkvæmt löggjöf þeirri sem stofnunin starfar eftir á þeim degi sem batur eru greiddar. Ef fjárhæð bóta er samkvæmt þeirri löggjöf óháð lengd tryggingatímabilanna skal sú fjárhæð notuð sem viðmiðunarfjárhæð í þessum staflið;

- b) stofnunin skal síðan reikna hina raunverulegu bótafjárhæð á grundvelli þeirrar viðmiðunarfjárhæðar sem getið er í undanfarandi staflið og skal hún vera í því hlutfalli sem lengd tryggingatímabilanna, sem lokið var samkvæmt löggjöf stofnunarinnar áður en áhættan kom fram, er af heildarlengd tryggingatímabilanna sem lokið var samkvæmt löggjöf allra hlutaðeigandi aðildarríkja áður en áhættan kom fram;
- c) séu samanlögð tryggingatímabil, sem liðin eru samkvæmt löggjöf hlutaðeigandi aðildarríkja áður en áhættan kemur fram, lengri en hámarkstími sem krafist er til að öðlast fullan bótarétt samkvæmt löggjöf eins þeirra, skal þar til bær stofnun þess ríkis taka þennan hámarkstíma til greina í stað hinna samanlögðu tryggingatímabila. Þó má sú útreikningsaðferð ekki leiða til þess að stofnuninni beri skylda til að greiða batur hærrí en hámarksbatur samkvæmt löggjöf þeirri sem hún starfar eftir;
- d) við framkvæmd útreikningsreglna þessarar málsgreinar skal taka til greina tvöföld tryggingatímabil eins og kveðið er á um í framkvæmdarreglugerð þeirri, sem getið er í 97. gr.

3. Hlutaðeigandi skal eiga rétt til heildarfjárhæðar allra bóta sem reiknaðar eru samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr., sem má þó ekki fara fram úr hæstu viðmiðunarfjárhæð bóta sem reiknuð er samkvæmt a-lið 2. mgr.

Þegar farið er fram úr þeirri fjárhæð sem um getur í undanfarandi undirgrein skal hver sú stofnun, sem beitir ákvæðum 1. mgr., jafna þær batur sem hún greiðir með upphæð sem svarar til hlutfallsins á milli umræddra bóta og heildarfjárhæðar þeirra bóta sem ákvarðaðar eru samkvæmt 1. mgr.

4. Ef örorku-, elli- eða eftirlífendalífeyrir, sem tveimur eða fleiri aðildarríkjum ber að greiða samkvæmt ákvæðum hins marghliða samnings um félagslegt öryggi sem um getur í b-lið 6. gr., er lægri en heildarfjárhæð sú, sem báðum eða öllum aðildarríkjunum ber að greiða samkvæmt 1. og 3. mgr., skal viðkomandi njóta góðs af ákvæðum þessa kafla.

47. gr.

Viðbótarákvæði um útreikning bóta

1. Eftirfarandi reglum skal beitt við útreikning viðmiðunarfjárhæðar þeirrar sem getið er í a-lið 2. mgr. 46. gr.:

- a) ef gert er ráð fyrir því í löggjöf aðildarríkis að batur séu reiknaðar á grundvelli meðalkaups eða -launa, meðalframlags eða meðalhækkunar, eða á grundvelli þess hlutfalls sem var á milli brúttólauna krefjanda og meðaltals af brúttólaunum allra tryggðra launþega, annarra en lærlinga, á tryggingatímabilunum, skal þar til bær stofnun þess ríkis ákvarða slík meðaltöl eða hlutföll einungis á grundvelli þeirra tryggingatímabila, sem liðin eru samkvæmt löggjöf ríkisins, eða á grundvelli brúttólauna bótaþegans á þeim tímabilum einvörðungu;
- b) ef gert er ráð fyrir því í löggjöf aðildarríkis að batur séu reiknaðar á grundvelli kaups eða launa, framlags eða hækkunar, ákvarðar hin þar til bæra stofnun þá fjárhæð kaups eða launa, framlags eða hækkunar sem taka skal til greina á tryggingatímabilum sem liðin eru samkvæmt löggjöf annarra aðildarríkja, á grundvelli meðalkaups eða -launa, meðalframlaga eða meðalhækkunar, sem skráð var á þeim tryggingatímabilum sem liðið hafa samkvæmt löggjöf þeirri sem hún starfar eftir;
- c) ef gert er ráð fyrir því í löggjöf aðildarríkis að batur séu reiknaðar á grundvelli viðmiðunarkaups eða -launa eða fastagjalds skal hin þar til bæra stofnun líta svo á að viðmiðunarkaup eða -laun þau eða fastagjald, sem henni beri að taka til greina varðandi tryggingatímabil, sem liðin eru samkvæmt löggjöf annarra aðildarríkja, sé jafnt viðmiðunarkaupi eða -launum eða fastagjaldi, eða, eftir því sem við á, meðaltali viðmiðunarkaups eða -launa eða fastagjalds á sambærilegum tryggingatímabilum sem lokið hefur verið samkvæmt löggjöf þeirri sem hún starfar eftir;
- d) ef gert er ráð fyrir því í löggjöf aðildarríkis að batur séu reiknaðar á grundvelli kaups- eða launafjárhæðar fyrir sum tryggingatímabil, en á grundvelli viðmiðunarkaups eða -launa eða fastagjalds fyrir önnur, skal hin þar til bæra stofnun taka til greina fyrir þau tryggingatímabil, sem lokið hefur verið samkvæmt löggjöf annarra aðildarríkja, það kaup eða laun eða fastagjald sem ákvarðað er samkvæmt b og c-liðum, eða meðaltal launanna eða fjárhæðanna, eftir því sem við á, en séu batur reiknaðar á grundvelli viðmiðunarkaups eða

-launa eða fastagjalds fyrir öll tryggingatímabil, sem liðin eru samkvæmt löggjöf þeirri sem stofnunin starfar eftir, skal hún líta svo á að kaup eða laun þau sem henni beri að taka til greina fyrir tryggingatímabil, sem liðin eru samkvæmt löggjöf annarra aðildarríkja, séu jöfn þeirri viðmiðunarfrjárhæð launa eða kaups sem samsvavar viðmiðunarkaupinu eða -laununum eða fastagjaldinu.

2. Ákvæði í löggjöf aðildarríkis um uppfærslu þeirra þátta sem taka ber til greina við útreikning bóta gilda, eftir því sem við á, um þá þætti sem þar til bærri stofnun þess ríkis ber, samkvæmt 1. mgr., að taka til greina varðandi tryggingatímabil sem lokið hefur verið samkvæmt löggjöf annarra aðildarríkja.

3. Ef gert er ráð fyrir því í löggjöf aðildarríkis að bótaupphæð sé ákvörðuð með tilliti til aðstandenda annarra en barna, skal þar til bær stofnun ríkisins einnig taka tillit til aðstandenda hlutaðeigandi sem eru búsettir á yfirráðasvæði lögbæra ríkisins.

48. gr.

Tryggingatímabil sem eru skemmri en eitt ár

1. Ef samanlögð tryggingatímabil sem lokið hefur verið samkvæmt löggjöf aðildarríkis ná ekki heilu ári, og þau nægja ekki ein sér til að viðkomandi eigi rétt til bóta samkvæmt þeirri löggjöf, ber stofnun þess ríkis ekki, þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 46. gr., að úthluta bótum vegna þeirra tímabila.

2. Þar til bærar stofnanir í hverju hinna aðildarríkjanna sem í hlut eiga skulu taka til greina þau tímabil sem getið er í 1. mgr. þegar þau beita ákvæðum 2. mgr. 46. gr., að undanskildum b-lið.

3. Leiði beiting ákvæða 1. mgr. til þess að skyldur allra stofnana þeirra ríkja sem í hlut eiga falli niður, skal greiða bætur aðeins samkvæmt löggjöf þess ríkis þar sem skilyrðum til bótaréttar var síðast fullnægt, eins og öll tryggingatímabil sem liðin eru samkvæmt 1. og 2. mgr. 45. gr. hefðu liðið samkvæmt löggjöf þess ríkis.

49. gr.

Útreikningur bóta þegar hlutaðeigandi einstaklingur fullnægir ekki samtímis þeim skilyrðum sem kveðið er á um í löggjöf þeirra aðildarríkja þar sem tryggingatímabilum hefur verið lokið

1. Ef hlutaðeigandi einstaklingur fullnægir ekki á ákveðnum tíma bótaskilyrðum löggjafar allra ríkja sem

hann hefur heyrt undir, þótt tekið sé tillit til ákvæða 45. gr., eftir því sem við á, heldur aðeins bótaskilyrðum eins eða fleiri þeirra, skal beita eftirfarandi reglum:

- a) hver þar til bær stofnun sem starfar samkvæmt lagaskilyrðum sem viðkomandi uppfyllir, skal reikna út, samkvæmt ákvæðum 46. gr., þá bótafrjárhæð sem greiða ber,
- b) á hinn bóginn:
 - i) ef viðkomandi fullnægir skilyrðum í löggjöf að minnsta kosti tveggja ríkja án þess að nýtt séu tryggingatímabil sem lokið hefur verið í aðildarríkjum þar sem skilyrðum er ekki fullnægt, skulu tryggingatímabil ekki tekin til greina hvað 2. mgr. 46. gr. snertir,
 - ii) ef viðkomandi fullnægir einungis skilyrðum löggjafar eins ríkis án þess að metin séu tryggingatímabil sem liðin eru samkvæmt löggjöf aðildarríkja þar sem skilyrðum er ekki fullnægt, skal reikna út bótafrjárhæð eingöngu samkvæmt ákvæðum þeirrar löggjafar þar sem skilyrðum er fullnægt og aðeins taka til greina þau tryggingatímabil sem lokið hefur verið samkvæmt þeirri löggjöf.

2. Allar bætur sem úthlutað er samkvæmt löggjöf eins eða fleiri ríkja sem í hlut eiga og um getur í 1. mgr., skal sjálfkrafa endurreikna í samræmi við 46. gr. þegar og að því leyti sem viðkomandi fullnægir skilyrðum löggjafar eins eða fleiri aðildarríkja sem hann hefur heyrt undir, að teknu tilliti til ákvæða 45. gr. eftir því sem við á.

3. Koma skal sjálfkrafa til endurútreiknings í samræmi við 1. mgr., og með fyrirvara um 2. mgr. 40. gr., þegar skilyrðum sem krafist er í löggjöf eins eða fleiri hlutaðeigandi ríkja er ekki lengur fullnægt.

50. gr.

Úthlutun viðbótarfrjárhæðar þegar heildarfrjárhæð bóta samkvæmt löggjöf hinna ýmsu aðildarríkja nær ekki því lágmarki sem kveðið er á um í löggjöf búseturíkis viðtakanda

Bótaþegi sem ákvæði þessa kafla gilda um og er búsettur í aðildarríki þar sem hann á bótarétt samkvæmt löggjöf þess, skal ekki fá lægri bætur en lágmarksupphæð þá sem kveðið er á um í þeirri löggjöf miðað við tryggingatímabil, sem jafnast á við öll þau tryggingatímabil sem meta ber til greiðslu samkvæmt undanfarandi greinum. Ef þörf krefur

skal þar til bær stofnun þess ríkis greiða honum viðbótarfjárhæð, þann tíma sem hann hefur búsetu á yfirráðasvæði þess, sem samsvarar mismun milli lágmarksbóta og bóta sem ber að greiða honum samkvæmt þessum kafla.

51. gr.

Uppfærsla og endurútreikningur bóta

1. Ef breytingar verða á bótum hlutaðeigandi ríkis annaðhvort í formi fasts hlutfalls eða fastrar fjárhæðar vegna hækkunar á framfærslukostnaði eða breytinga á kaupum eða launum eða af öðrum ástæðum sem kalla á aðlögun, skal sú hækkun, hlutfallsleg eða föst, koma fram í bótum þeim sem ákvarðaðar eru samkvæmt 46. gr., án þess að koma þurfi til endurútreiknings samkvæmt ákvæðum þeirrar greinar.

2. Verði hins vegar gerðar breytingar á aðferðum eða reglum til að ákvarða eða reikna út bætur skal endurútreikningur fara fram samkvæmt ákvæðum 46. gr.

4. KAFLI

VINNUSLYS OG ATVINNUSJÚKDÓMAR

1. ÞÁTTUR

Bótaréttur

52. gr.

Búseta í öðru aðildarríki en hinu lögbæra ríki — Almennar reglur

Launþegi sem er búsettur í öðru aðildarríki en hinu lögbæra ríki og verður fyrir slysi á vinnustað eða veikist af atvinnusjúkdómi, skal fá frá búseturíkinu:

- a) aðstoð sem stofnun í búseturíkinu lætur honum í té fyrir hönd þar til bærrar stofnunar samkvæmt löggjöf um starfsemi þeirrar fyrrnefndu eins og hann væri tryggður hjá þeirri stofnun;
- b) bætur í peningum sem greiddar eru af þar til bærra stofnun samkvæmt löggjöf um starfsemi hennar. Þó getur þar til bær stofnun á búsetustaðnum tekið að sér að greiða þessar bætur fyrir hönd fyrrnefndrar stofnunar og samkvæmt löggjöf hins lögbæra ríkis hafi náðst samkomulag um það milli þessara stofnana.

53. gr.

Launþegar sem sækja vinnu yfir landamæri — Sérregla

Launþegi sem sækir vinnu yfir landamæri getur einnig fengið bætur í lögbæra ríkinu. Slíkar bætur skulu látnar honum í té af þar til bærra stofnun samkvæmt löggjöf þess ríkis, eins og launþeginn hefði búsetu þar.

54. gr.

Dvöl í hinu lögbæra ríki eða búferlaflutningar þangað

1. Launþegi sem heyrir undir ákvæði 52. gr. og dvelur í hinu lögbæra ríki skal fá bætur samkvæmt löggjöf þess ríkis, jafnvel þótt hann hafi fengið bætur áður en hann hóf dvöl sína þar. Þetta ákvæði gildir þó ekki um launþega sem sækja vinnu yfir landamæri.

2. Launþegi sem heyrir undir ákvæði 52. gr. og flyst búferlum til hins lögbæra ríkis skal fá bætur samkvæmt löggjöf þess ríkis, jafnvel þótt hann hafi fengið bætur fyrir búferlaflutningana.

55. gr.

Dvöl utan hins lögbæra ríkis — Endurkoma eða búferlaflutningar til annars aðildarríkis eftir vinnuslys eða veikindi vegna atvinnusjúkdóms — Nauðsynlegar ferðir til annars aðildarríkis í lækningaskyni

1. Launþegi sem verður fyrir vinnuslysi eða veikist af atvinnusjúkdómi og:

- a) dvelur í öðru aðildarríki en hinu lögbæra, eða
- b) hefur áunnið sér rétt á bótum frá þar til bærra stofnun og hefur heimild hennar til að hverfa aftur til þess aðildarríkis þar sem hann er búsettur eða flytjast búferlum til annars aðildarríkis, eða
- c) hefur heimild þar til bærrar stofnunar til að leita sér lækninga í öðru aðildarríki,
skal eiga rétt á:
 - i) aðstoð sem stofnun á dvalar- eða búsetustaðnum lætur honum í té samkvæmt þeirri löggjöf sem hún starfar eftir fyrir hönd hinnar þar til bæru stofnunar eins og hann væri tryggður hjá henni; þó skal lengd aðstoðarinnar fara eftir löggjöf hins lögbæra ríkis;

- ii) bótum í peningum sem þar til bærri stofnun ber að greiða samkvæmt þeirri löggjöf sem hún starfar eftir. Þó getur stofnun á dvalar- eða búsetustaðnum tekið að sér að greiða slíkar bætur fyrir hönd þeirrar fyrrgreindu samkvæmt löggjöf hins lögbæra ríkis, hafi samkomulag um það náðst milli þessara stofnana.

2. Einungis er unnt að synja um heimild þá sem krafist er samkvæmt b-lið 1. mgr. ef ljóst er að flutningur viðkomandi hafi skaðleg áhrif á heilsufar hans eða möguleika til að fá lækni meðferð.

Eigi má synja um heimild þá sem krafist er samkvæmt c-lið 1. mgr. eigi viðkomandi ekki kost á þessari meðferð í aðildarríkinu þar sem hann er búsettur.

56. gr.

Slys á ferðalögum

Verði einstaklingur fyrir slysi á ferðalagi í öðru aðildarríki en hinu lögbæra ríki telst það slys hafa orðið í hinu lögbæra ríki.

57. gr.

Bætur vegna atvinnusjúkdóms sem má rekja til starfa viðkomandi í nokkrum aðildarríkjum

1. Þegar einstaklingur sem veikst hefur af atvinnusjúkdómi hefur unnið í tveimur eða fleiri ríkjum, og heyrir undir löggjöf þeirra, við aðstæður sem þykja líklegar til að hafa orsakað sjúkdóminn skal honum úthlutað þeim bótum, sem hann eða eftirlifendur hans kunna að eiga rétt á, einungis samkvæmt löggjöf þess ríkis þar sem hann síðast uppfyllti skilyrði til bóta, að teknu tilliti til ákvæða 2. og 3. mgr. eftir því sem þau eiga við.

2. Ef réttur til bóta vegna atvinnusjúkdóms er háður þeim skilyrðum, samkvæmt löggjöf aðildarríkis, að sjúkdómurinn hafi fyrst verið greindur í því ríki telst það skilyrði uppfyllt hafi hann fyrst verið greindur í öðru aðildarríki.

3. Ef um er að ræða herslisryklungu (sclerogenic pneumoconiosis) skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

- a) ef bótaréttur vegna atvinnusjúkdóms er háður þeim skilyrðum, samkvæmt löggjöf aðildarríkis, að sjúk-

dómurinn hafi verið greindur innan ákveðinna tíamarka frá því viðkomandi gegndi síðast því starfi sem líklega má rekja sjúkdóminn til, skal þar til bær stofnun í því ríki í athugun sinni á starfstímanum taka tillit til, eftir því sem þurfa þykir, sambærilegra starfa sem unnin hafa verið samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis, eins og um starf í fyrra ríkinu hafi verið að ræða;

- b) ef réttur til bóta vegna atvinnusjúkdóms er háður þeim skilyrðum, samkvæmt löggjöf aðildarríkis, að því starfi sem líklega má rekja sjúkdóminn til hafi verið gegnt í tiltekinn tíma, skal þar til bær stofnun í því ríki taka tillit til, eftir því sem þurfa þykir, þess tíma sem viðkomandi hefur gegnt slíku starfi samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis, eins og því hefði verið gegnt samkvæmt löggjöf fyrra ríkisins;

- c) kostnaður vegna bóta í peningum, að meðtöldum lífeyri, skal skiptast milli þar til bærra stofnana í aðildarríkjunum þar sem viðkomandi einstaklingur gegndi þeim störfum sem líklega má rekja sjúkdóminn til. Skiptingin skal vera í hlutfalli við lengd þeirra tryggingatímabila sem viðkomandi hefur lokið samkvæmt löggjöf hvers ríkis fyrir sig, þannig að miðað sé við þau heildartryggingatímabil sem hann hefur lokið samkvæmt löggjöf allra hlutaðeigandi ríkja vegna elli við upphaf bótatímans.

4. Ráðið skal, að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar, ákveða einróma hvaða atvinnusjúkdómar skuli falla undir ákvæði 3. mgr.

58. gr.

Útreikningur bóta í peningum

1. Í aðildarríki þar sem útreikningur bóta fer, samkvæmt löggjöf, eftir meðalkaupi eða -launum, skal þar til bær stofnun ákvarða þetta meðalkaup eða -laun eingöngu út frá því kaupum eða þeim launum sem greidd voru á þeim tryggingatímabilum sem viðkomandi hefur lokið samkvæmt fyrrnefndri löggjöf.

2. Í aðildarríki þar sem útreikningur bóta í peningum fer, samkvæmt löggjöf, eftir viðmiðunarkaupum eða -launum, skal þar til bær stofnun eingöngu taka til greina það viðmiðunarkaup eða -laun, eða, þar sem slíkt á við, meðaltal viðmiðunarkaupta eða -launa fyrir þau tryggingatímabil sem viðkomandi hefur lokið samkvæmt fyrrnefndri löggjöf.

3. Í aðildarríki þar sem útreikningur bóta í peningum fer, samkvæmt löggjöf, eftir fjölda aðstandenda, skal þar til bær stofnun einnig taka tillit til aðstandenda viðkomandi sem hafa búsetu í öðrum aðildarríkjum, eins og þeir hefðu búsetu í hinu lögbæra ríki.

59. gr.

Kostnaður vegna flutnings einstaklings sem hefur orðið fyrir vinnuslysi eða veikst af atvinnusjúkdómi

1. Í aðildarríki sem samkvæmt löggjöf gerir ráð fyrir greiðslu kostnaðar vegna flutnings einstaklings, sem hefur orðið fyrir vinnuslysi eða sem veikst hefur af atvinnusjúkdómi, annaðhvort til búsetustaðar hans eða á sjúkrahús, skal þar til bær stofnun bera kostnað af flutningi viðkomandi til samsvarandi staða í búseturíki hans, svo fremi sem stofnunin heimili slíkan flutning fyrirfram eftir að hafa tekið tillit til þeirra ástæðna sem réttlæta það. Engin þörf er á slíkri heimild fyrir launþega sem sækir vinnu yfir landamæri.

2. Í aðildarríki sem samkvæmt löggjöf gerir ráð fyrir greiðslu kostnaðar vegna flutnings einstaklings sem lætur lífið í vinnuslysi til greftrunarstaðar hans, skal þar til bær stofnun samkvæmt löggjöf um starfsemi hennar bera kostnað af flutningi til samsvarandi staðar í því ríki þar sem viðkomandi einstaklingur var búsettur þegar slysið átti sér stað.

2. ÞÁTTUR

Atvinnusjúkdómur sem bætur hafa verið veittar fyrir ágerist

60. gr.

1. Eftirfarandi reglur gilda vegna atvinnusjúkdóms sem ágerist eftir að viðkomandi hefur fengið bætur fyrir hann samkvæmt löggjöf aðildarríkis:

- a) hafi launþegi ekki gegnt starfi í öðru aðildarríki og heyrir undir þarlenda löggjöf á bótatímabilinu sem gæti hafa orsakað eða aukið á þann sjúkdóm sem um ræðir, skal þar til bær stofnun í fyrsta aðildarríkinu bera kostnað samkvæmt löggjöf um starfsemi hennar af auknum bótum þegar sjúkdómur ágerist;

- b) hafi launþegi gegnt slíku starfi á bótatímabilinu í öðru aðildarríki og heyrir undir þarlenda löggjöf, skal þar til bær stofnun í fyrra ríkinu bera kostnað af bótum samkvæmt löggjöf um starfsemi hennar óháð því hvort sjúkdómurinn hefur ágerst. Þar til bærrí stofnun í síðara ríkinu ber að greiða launþeganum viðbótarfjárhæð samkvæmt löggjöf um starfsemi hennar sem samsvarar mismuninum á þeirri bótaupphæð sem viðkomandi átti rétt á og upphæðinni sem skylt var að greiða eftir að honum versnaði samkvæmt fyrrgreindri löggjöf um starfsemi hennar, eins og sjúkdómurinn hafi upphaflega fallið undir þá löggjöf;

- c) ef, í þeim tilvikum sem heyra undir b-lið, viðkomandi þjáist af herslisryklungum (sclerogenic pneumoconiosis) eða af einhverjum þeirra sjúkdóma sem ákveðnir eru samkvæmt 4. mgr. 57. gr. og á ekki rétt á bótum samkvæmt löggjöf síðara ríkisins, er þar til bærrí stofnun í fyrra ríkinu skylt að veita bætur samkvæmt löggjöf þeirri sem hún starfar eftir og taka tillit til þess hve mikið sjúkdómurinn hefur ágerst. Hins vegar ber stofnuninni í síðara ríkinu að greiða viðbótarupphæð sem samsvarar mismuninum á þeirri bótaupphæð, að meðtöldum lífeyri, sem viðkomandi átti rétt á frá þar til bærrí stofnun í fyrra ríkinu og, að teknu tilliti til þess hve mikið sjúkdómurinn hefur ágerst, upphæð samsvarandi bóta sem hann átti rétt á áður en honum versnaði.

2. Komi til þess að atvinnusjúkdómur ágerist og beita þurfi ákvæðum c-liðar 3. mgr. 57. gr. skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

- a) þar til bær stofnun sem veitti bætur samkvæmt 1. mgr. 57. gr. skal bera kostnað af bótum samkvæmt þeirri löggjöf sem hún starfar eftir og taka tillit til þess hve mikið sjúkdómurinn hefur ágerst;
- b) þær stofnanir sem áður greiddu bætur skulu halda áfram að deila með sér kostnaði vegna bóta í peningum, að meðtöldum lífeyri, samkvæmt c-lið 3. mgr. 57. gr. Hafi einstaklingurinn hins vegar aftur tekið upp störf sem gætu hafa orsakað eða aukið á einkenni sjúkdómsins sem um ræðir, annaðhvort samkvæmt löggjöf einhverra þeirra aðildarríkja sem hann gegndi sambærilegu starfi í áður eða samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis, þá skal þar til bær stofnun hlutaðeigandi ríkis greiða mismuninn milli þeirra bótaupphæða sem viðkomandi á rétt á áður en og eftir að sjúkdómurinn ágerðist, að teknu tilliti til þess hve mikið sjúkdómurinn hefur ágerst.

3. ÞÁTTUR

Ýmis ákvæði

61. gr.

Reglur um hvernig sérákvæðum einstakra laga skuli beitt

1. Ef launþegi er staddur í aðildarríki þar sem engar tryggingar eru fyrir vinnuslysum eða atvinnusjúkdómum eða þar sem slíkar tryggingar eru fyrir hendi en engin stofnun ber ábyrgð á að veita aðstoð, skal stofnun á dvalar- eða búsetustað hans sem ber ábyrgð á aðstoð í veikindatilvikum veita honum aðstoðina.

2. Ef gert er ráð fyrir því í löggjöf hins lögbæra ríkis að aðstoð sem veitt er að öllu leyti án endurgjalds verði einungis veitt þegar viðkomandi notar þá lækniþjónustu sem skipulögð er af vinnuveitandanum, þá telst sú aðstoð sem í boði er samkvæmt 52. gr. og 1. mgr. 55. gr. hafa verið veitt af slíkri lækniþjónustu.

3. Ef gert er ráð fyrir því í löggjöf hins lögbæra ríkis um bótakerfi að vinnuveitendur taki á sig ákveðnar skuldbindingar, telst sú aðstoð sem í boði er samkvæmt 52. gr. og 1. mgr. 55. gr. hafa verið veitt að beiðni þar til bærrar stofnunar.

4. Ef ekki er gert ráð fyrir því í bótakerfi lögbæra ríkisins að vinnuslysabætur byggist á skyldutryggingu skal aðstoð veitt annaðhvort beint af vinnuveitanda eða af viðkomandi tryggingafélagi.

5. Ef beint eða óbeint er gert ráð fyrir því í löggjöf aðildarríkis að vinnuslys eða atvinnusjúkdómar, sem hlutaðeigandi hefur orðið fyrir eða áður hlotið staðfestingu á, skuli teknir til greina þegar örorka er metin, skal þar til bær stofnun þess ríkis líka taka tillit til þeirra vinnuslysa eða atvinnusjúkdóma sem hlutaðeigandi hefur orðið fyrir eða áður hlotið staðfestingu á í öðru aðildarríki samkvæmt löggjöf þess síðarnefnda, eins og þetta hafi gerst eða verið staðfest samkvæmt þeirri löggjöf sem hún starfar eftir.

62. gr.

Hvaða bótakerfi skal nota þegar um fleiri kerfi er að ræða í búsetu- eða dvalarlandi — Hámarks lengd bóatímabils

1. Hafi löggjöf á dvalar- eða búsetustaðnum að geyma nokkur kerfi trygginga, skulu ákvæði 52. gr. eða 1. mgr. 55.

gr. vegna launþega fara eftir bótakerfi verkafólks í stáliðnaði. Geri löggjöfin aftur á móti ráð fyrir sérstöku bótakerfi fyrir námumenn og verkamenn í svipuðum störfum skulu slík ákvæði látin gilda gagnvart þessum hópi starfsmanna að því tilskildu að stofnunin á dvalar- eða búsetustað þeirra, sem þeir gera slíka kröfu til, hafi umboð til að annast slíkt.

2. Ef kveðið er á um hámarks lengd bóatímabils í löggjöf aðildarríkis getur stofnunin sem starfar eftir þeirri löggjöf tekið til greina öll bóatímabil sem greitt hefur verið fyrir af stofnun annars aðildarríkis.

4. ÞÁTTUR

Endurgreiðslur milli stofnana

63. gr.

1. Kostnaður vegna aðstoðar sem veitt er samkvæmt 52. gr. og 1. mgr. 55. gr. fyrir hönd þar til bærrar stofnunar skal endurgreiddur af henni að fullu.

2. Endurgreiðslurnar sem um getur í 1. mgr. skulu ákvarðaðar og greiddar í samræmi við málsmeðferð þá sem tilgreind er í framkvæmdarreglugerðinni sem um getur í 97. gr., eftir að staðfesting um greiðslu hefur verið lögð fram.

3. Tveimur eða fleiri aðildarríkjum eða lögbærum yfirvöldum þeirra er heimilt að semja sín í milli um annað fyrirkomulag á endurgreiðslum eða fella niður endurgreiðslur á milli stofnana sem undir þau heyra.

5. KAFLI

DÁNARSTYRKIR

64. gr.

Söfnun tryggingatímabils

Í aðildarríki sem bindur rétt einstaklings samkvæmt löggjöf til að öðlast, viðhalda eða endurheimta dánarstyrki því skilyrði að tryggingatímabilum sé lokið, skal þar til bær stofnun taka til greina, að því marki sem nauðsynlegt er, tryggingatímabil sem liðin eru samkvæmt löggjöf annarra aðildarríkja eins og þau hefðu liðið samkvæmt þeirri löggjöf sem hún starfar eftir.

65. gr.

Réttur til styrkja þegar dauðsfall hefur orðið í, eða réttthafi er búsettur í, öðru aðildarríki en hinu lögbæra ríki

1. Hafi launþegi, lífeyrisþegi eða krefjandi um lífeyri, eða aðstandandi hans, látist í öðru aðildarríki en hinu lögbæra ríki skal litið svo á að hann hafi látist í hinu lögbæra ríki.
2. Þar til bærri stofnun ber að greiða dánarstyrki samkvæmt þeirri löggjöf sem hún starfar eftir, jafnvel þótt rétt-hafi sé búsettur í öðru aðildarríki en hinu lögbæra ríki.
3. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda einnig þegar rekja má dauðsfallið til vinnuslyss eða atvinnusjúkdóms.

66. gr.

Réttur til bóta þegar látinn lífeyrisþegi var búsettur í öðru aðildarríki en því sem bar ábyrgð á að sjá honum fyrir aðstoð

Hafi lífeyrisþegi, sem átti rétt til bóta samkvæmt löggjöf eins aðildarríkis eða fleiri og sem var búsettur í öðru aðildarríki en því sem bar ábyrgð á að sjá honum fyrir aðstoð samkvæmt 28. gr., látist, þá ber þeirri stofnun ríkisins sem áður veitti honum aðstoð að greiða dánarstyrki samkvæmt löggjöf þeirri sem hún starfar eftir eins og lífeyrisþeginn hafi verið búsettur þar þegar hann lést.

Ákvæðum málsgreinarinnar hér á undan skal beita á hliðstæðan hátt gagnvart aðstandendum lífeyrisþegans.

6. KAFLI

ATVINNULEYSI

1. ÞÁTTUR

Sameiginleg ákvæði

67. gr.

Söfnun trygginga- eða starfstímabila

1. Í aðildarríki sem bindur rétt einstaklings samkvæmt löggjöf til að öðlast, viðhalda eða endurheimta bætur því skilyrði að tryggingatímabilum sé lokið, skal þar til bær

stofnun taka til greina, að því marki sem nauðsynlegt er, trygginga- eða starfstímabil sem liðin eru samkvæmt löggjöf annarra aðildarríkja eins og þau hefðu liðið samkvæmt þeirri löggjöf sem hún starfar eftir, þó að því tilskildu að starfstímabilin hefðu gilt sem tryggingatímabil hefði þeim verið lokið samkvæmt þeirri löggjöf.

2. Í aðildarríki sem bindur rétt einstaklings samkvæmt löggjöf til að öðlast, viðhalda eða endurheimta bætur því skilyrði að starfstímabil hafi liðið, skal þar til bær stofnun taka til greina, að því leyti sem með þarf, trygginga- eða starfstímabil sem liðin eru samkvæmt löggjöf annarra aðildarríkja eins og þeim hefði verið lokið samkvæmt þeirri löggjöf sem hún starfar eftir.

3. Að undanskildum þeim tilvikum sem um getur í ii-lið í a-lið og ii-lið í b-lið 1. mgr. 71. gr. skal ákvæðum í 1. og 2. mgr. beitt með því skilyrði að hlutaðeigandi einstaklingur hafi síðast lokið:

- tryggingatímabilum, þegar um er að ræða 1. mgr.,
- starfstímabilum, þegar um er að ræða 2. mgr.,

í samræmi við ákvæði þeirrar löggjafar sem bótakrafan byggist á.

4. Þar sem lengd bótatímabils er háð lengd trygginga- eða starfstímabila, skulu ákvæði 1. og 2. mgr. gilda þar sem þau eiga við.

68. gr.

Útreikningur bóta

1. Þar til bær stofnun í aðildarríki þar sem löggjöf kveður á um að útreikningur bóta skuli byggður á fyrra kaupum eða launum, skal einungis taka til greina það kaup eða þau laun sem viðkomandi fékk greidd þegar hann vann síðast í því ríki. Hafi síðasta starfstímabil viðkomandi verið skemmra en fjórar vikur skal útreikningur bóta byggður á því kaupum eða þeim launum sem eðlileg geta talist á dvalar- eða búsetustaðnum fyrir sambærileg störf og þau sem viðkomandi vann síðast í öðru aðildarríki.

2. Þar til bær stofnun í aðildarríki þar sem útreikningur bóta í peningum er samkvæmt löggjöf grundvallaður á fjölda aðstandenda, skal taka til greina þá aðstandendur

sem búsettir eru í öðru aðildarríki eins og þeir væru búsettir í hinu lögbæra ríki. Þetta ákvæði gildir ekki ef annar fjölskyldumeðlimur á rétt á atvinnuleysisbótum á búsetustað fjölskyldunnar þar sem tekið er tillit til fjölskyldustærðar við útreikning bóta.

2. ÞÁTTUR

Atvinnulausir einstaklingar sem fara til annars aðildarríkis en hins lögbæra ríkis

69. gr.

Skilyrði og takmarkanir vegna viðhalds bótaréttinda

1. Fari maður sem er atvinnulaus með öllu og uppfyllir skilyrði aðildarríkis fyrir bótum, samkvæmt löggjöf, til eins eða fleiri aðildarríkja í leit að atvinnu heldur hann bótaréttindum sínum með eftirfarandi skilyrðum og takmörkunum:

- a) að hann hafi skráð sig atvinnulausan fyrir brottför hjá vinnumiðlun hins lögbæra ríkis og hafi verið reiðubúinn að þiggja þar vinnu í fjórar vikur hið minnsta eftir að hann varð atvinnulaus. Þar til bær stofnun eða vinnumiðlun getur þó heimilað brottför áður en þessi tími er liðinn;
- b) að hann skrái sig í atvinnuleit hjá vinnumiðlun hvers aðildarríkis sem hann fer til og um hann gildi eftirlitsreglur sem viðkomandi stofnanir setja. Þessu skilyrði telst fullnægt hvað varðar tímabilið fyrir skráningu, hafi viðkomandi skráð sig innan sjö daga frá þeim degi sem hann hvarf af skrá hjá vinnumiðlun þess lands sem hann fór frá. Í undantekningartilvikum geta þar til bærar stofnanir eða vinnumiðlanir lengt þetta tímabil;
- c) réttur til bóta helst að hámarki í þrjá mánuði frá þeim degi sem hlutaðeigandi hætti að vera skráður hjá vinnumiðlun þess ríkis sem hann fór frá, að því tilskildu að bótatímabilið fari ekki fram yfir lengd þess bótatímabils sem hann átti rétt á samkvæmt löggjöf þess ríkis. Þegar um er að ræða launþega í árstíðabundnum störfum takmarkast tímabilið jafnframt af því hve langur tími er eftir af árstíðabundinni ráðningu hans.

2. Fari viðkomandi til baka til hins lögbæra ríkis áður en bótatímabilið sem tilgreint er í c-lið 1. mgr. er liðið, skal hann halda bótaréttindum sínum áfram samkvæmt löggjöf þess ríkis; þó fellur réttur hans til bóta með öllu niður í hinu lögbæra ríki ef hann snýr ekki til baka áður en fyrrgreint tímabil rennur út. Í undantekningartilvikum getur þar til bær stofnun eða vinnumiðlun veitt lengri frest.

3. Beita skal ákvæðum 1. mgr. aðeins einu sinni milli tveggja starfstímabila.

4. Ef Belgía er hið lögbæra ríki, endurheimtir hinn atvinnulausi, sem fer aftur þangað eftir að þriggja mánaða tímabilinu sem um getur í c-lið 1. mgr. er lokið, ekki rétt til bóta í því landi fyrr en hann hefur unnið þar í þrjá mánuði hið minnsta.

70. gr.

Greiðslur bóta og endurgreiðslur

1. Í þeim tilvikum sem um getur í 1. mgr. 69. gr. skulu bætur greiddar af stofnun í hverju því aðildarríki þar sem hinn atvinnulausi leitar atvinnu.

Þar til bærri stofnun, í aðildarríkinu þar sem launþeginn heyrði undir löggjöf síðast er hann hafði atvinnu, ber skylda til að endurgreiða bótaupphæðina.

2. Endurgreiðslurnar sem um getur í 1. mgr. skulu ákvarðaðar og greiddar samkvæmt þeim reglum um málsmeðferð sem kveðið er á um í framkvæmdarreglugerðinni sem getið er í 97. gr., annaðhvort að fenginni staðfestingu á að greiðsla hafi átt sér stað eða með eingreiðslum.

3. Tveimur eða fleiri aðildarríkjum eða þar til bærur stofnunum þeirra er heimilt að semja sín í milli um annað fyrirkomulag á greiðslum eða endurgreiðslum eða fella þær alveg niður fyrir hönd stofnana sem heyra undir löggjöf þeirra.

3. ÞÁTTUR

Atvinnulausir einstaklingar sem voru búsettir í öðru aðildarríki en hinu lögbæra ríki þegar þeir höfðu síðast atvinnu

71. gr.

1. Atvinnulaus einstaklingur, sem var búsettur í öðru aðildarríki en hinu lögbæra ríki þegar hann hafði atvinnu síðast, skal eiga rétt á bótum samkvæmt eftirfarandi ákvæðum:

- a) i) ef launþegi sem sækir vinnu yfir landamæri er að hluta til atvinnulaus eða í stopulli vinnu hjá fyrirtækinu sem ræður hann skal hann fá bæt看ur samkvæmt löggjöf hins lögbæra ríkis eins og hann væri búsettur á yfirráðasvæði þess ríkis; skal þar til bæra stofnunin greiða þessar bæt看ur;
- ii) ef launþegi sem sækir vinnu yfir landamæri er með öllu atvinnulaus skal hann fá bæt看ur samkvæmt löggjöf þess aðildarríkis þar sem hann hefur búsetu eins og hann hefði heyrt undir þá löggjöf síðast þegar hann hafði vinnu; skal þar til bæra stofnunin á búsetustaðnum bera kostnað vegna þessara bóta;
- b) i) ef launþegi, annar en sá sem sækir vinnu yfir landamæri, er að hluta til, tímabundið eða alveg atvinnulaus og er tiltækur fyrir vinnuveitanda sinn eða vinnumiðlunina í hinu lögbæra ríki fær hann bæt看ur í samræmi við löggjöf þess ríkis eins og hann væri búsettur þar; skal þar til bæra stofnunin greiða þessar bæt看ur;
- ii) ef launþegi, annar en sá sem sækir vinnu yfir landamæri, er með öllu atvinnulaus, og sé hann reiðubúinn til að taka vinnu hjá vinnumiðluninni á yfirráðasvæði þess aðildarríkis þar sem hann er búsettur eða fari hann til baka til þess yfirráðasvæðis, skal hann fá bæt看ur samkvæmt löggjöf þess ríkis eins og hann hefði síðast haft atvinnu þar; þar til bær stofnun á búsetustaðnum skal bera kostnað vegna slíkra bóta. Hafir slíkur launþegi hins vegar öðlast rétt til bóta á kostnað hinnar þar til bæru stofnunar í aðildarríkinu sem hann heyrði síðast undir lög hjá, skal hann fá bæt看ur samkvæmt ákvæðum 69. gr. Bótagreiðslur samkvæmt löggjöf búseturíkisins skulu falla niður á því tímabili þegar hinn atvinnulausi gæti, samkvæmt ákvæðum 69. gr., krafist bóta samkvæmt löggjöf sem hann heyrði síðast undir.

2. Atvinnulaus einstaklingur getur ekki krafist bóta samkvæmt löggjöf þess aðildarríkis sem hann hefur búsetu í á sama tíma og hann hefur rétt til bóta samkvæmt i-lið í a-lið eða i-lið í b-lið 1. mgr.

7. KAFLI

FJÖLSKYLDUBÆTUR OG FJÖLSKYLDUGREIÐSLUR FYRIR LAUNÞEGA OG ATVINNULAUSA EINSTAKLINGA

1. ÞÁTTUR

Sameiginleg ákvæði

72. gr.

Söfnun starfstímabila

Í aðildarríki sem bindur rétt einstaklings samkvæmt löggjöf til að öðlast bæt看ur því skilyrði að starfstímabilum sé lokið, skal þar til bær stofnun taka til greina, að því marki sem nauðsynlegt er, tryggingatímabil sem liðin eru samkvæmt löggjöf annarra aðildarríkja eins og þau hefðu liðið samkvæmt eigin löggjöf.

2. ÞÁTTUR

Launþegar og atvinnulausir einstaklingar sem eiga fjölskyldu búsetta í öðru aðildarríki en hinu lögbæra ríki

73. gr.

Launþegar

1. Launþegi sem heyrir undir löggjöf annars aðildarríkis en Frakklands á rétt á þeim fjölskyldubótum sem kveðið er á um í löggjöf fyrrgreinda aðildarríkisins til handa aðstandendum sem eru búsettir í öðru aðildarríki eins og þeir væru búsettir á yfirráðasvæði fyrrgreinda ríkisins.

2. Launþegi sem heyrir undir franska löggjöf á rétt á þeim fjölskyldugreiðslum, vegna aðstandenda sem eru búsettir í öðru ríki, sem kveðið er á um í löggjöf þess aðildarríkis. Launþeginn verður þó að uppfylla þau skilyrði um atvinnu sem frönsk löggjöf setur fyrir bótaréttindum.

3. Launþegi sem heyrir undir franska löggjöf á í krafti ákvæða a-liðar 1. mgr. 14. gr. rétt á þeim fjölskyldubótum sem kveðið er á um í franskri löggjöf og tiltekna eru í V. viðauka, vegna aðstandenda sem fylgja honum til aðildarríkisins þar sem hann starfar.

74. gr.

Atvinnulausir

1. Fáí atvinnulaus einstaklingur greiddar atvinnuleysisbætur samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis en Frakklands ber honum að fá greiddar fjölskyldubætur vegna aðstandenda sinna sem eru búsettir í öðru aðildarríki samkvæmt löggjöf þess ríkis eins og væru þeir búsettir í fyrrgreinda ríkinu.

2. Fáí atvinnulaus einstaklingur greiddar atvinnuleysisbætur samkvæmt franskri löggjöf á hann rétt á fjölskyldugreiðslum til handa þeim aðstandendum sem búsettir eru í öðru aðildarríki en Frakklandi samkvæmt löggjöf ríkisins þar sem þessir aðstandendur eru búsettir.

75. gr.

Bótageiðslur og endurgreiðslur

1. a) Fjölskyldubætur skulu greiddar af þar til bæri stofnun aðildarríkisins sem launþegi heyrir undir í þeim tilvikum sem um getur í 1. og 3. mgr. 73. gr. og, í þeim tilvikum sem um getur í 1. mgr. 74. gr., af þar til bæri stofnun samkvæmt löggjöf þess aðildarríkis sem hefur greitt viðkomandi atvinnleysisbætur. Þær skulu greiddar samkvæmt ákvæðum sem viðkomandi stofnanir starfa eftir, hvort sem einstaklingur sá eða lögpersóna sem á rétt til bóta dvelur, er búsett eða á yfirráðasvæði hins lögbæra ríkis eða annars aðildarríkis.
- b) nýti sá einstaklingur þær bætur sem hann á rétt á ekki til framfærslu aðstandenda, skal þar til bær stofnun rækja lagalegar skyldur sínar með því að greiða umræddar bætur þeim einstaklingi eða lögpersónu sem raunverulega hefur fjölskylduna á framfæri sínu, samkvæmt umsókn og fyrir milligöngu þar til bærrar stofnunar á búsetustað aðstandendanna, eða annarrar stofnunar eða aðila sem hafa verið tilnefndir til að gegna þessu hlutverki af lögbærum yfirvöldum á búsetustaðnum;
- c) tvö eða fleiri aðildarríki geta, í samræmi við 8. gr., komið sér saman um að þar til bær stofnun skuli greiða fjölskyldubætur, sem löggjöf eins eða fleiri þessara ríkja gerir ráð fyrir, þeim einstaklingi eða þeirri lögpersónu sem í raun hefur aðstandendurna á framfæri sínu, annaðhvort beint eða í gegnum umboðsaðila stofnunarinnar á búsetustað þeirra.

2. a) Stofnun á búsetustað fjölskyldunnar skal, í þeim tilvikum sem um getur í 2. mgr. 73. gr. og 2. mgr. 74. gr., sjá um fjölskyldugreiðslur samkvæmt þeirri löggjöf sem hún starfar eftir;
- b) jafnvel þótt löggjöfin kveði svo á um að launþeginn sjálfur skuli fá greiðslurnar, skal stofnunin sem getið er í undanfarandi staflíð engu að síður borga greiðslurnar þeim einstaklingi eða þeirri lögpersónu sem í raun hefur aðstandendurna á framfæri á búsetustað þeirra eða, þar sem það á við, beint til aðstandenda;
- c) hin þar til bæra stofnun skal endurgreiða að fullu þær bætur sem látnar eru í té samkvæmt undanfarandi staflíðum. Endurgreiðslurnar skulu ákvarðaðar og greiddar samkvæmt þeim reglum um málsmeðferð sem tilgreindar eru í framkvæmdarreglugerðinni sem getið er í 97. gr.

76. gr.

Reglur um forgang þegar réttur til fjölskyldubóta og fjölskyldugreiðslna skarast samkvæmt ákvæðum 73. og 74. gr. vegna iðkunar atvinnustarfsemi á búsetustað aðstandenda

Réttur til fjölskyldubóta eða fjölskyldugreiðslna samkvæmt 73. og 74. gr. skal falla niður hafi einstaklingur líka rétt til fjölskyldubóta eða fjölskyldugreiðslna vegna iðkunar atvinnustarfsemi samkvæmt löggjöf þess aðildarríkis þar sem aðstandendur hafa búsetu.

8. KAFLI

BÆTUR VEGNA BARNNA SEM LÍFEYRISÞEGAR HAFNA Á FRAMFÆRI SÍNU OG VEGNA MUNAÐARLEYSINGJA

77. gr.

Börn á framfæri lífeyrisþega

1. Hugtakið „bætur“ merkir í þessari grein fjölskyldugreiðslur til handa fólki sem þegar þiggur bætur vegna aldurs, örorku, vinnuslysa eða atvinnusjúkdóma, svo og viðbætur vegna barna slíkra bótaþega, þó að undanskildum viðbótum sem veittar eru samkvæmt tryggingakerfum vegna vinnuslysa og atvinnusjúkdóma.
2. Bætur skulu veittar í samræmi við eftirfarandi reglur, óháð því í hvaða aðildarríki bótaþeginn eða börnin eru

búsett:

- a) bótaþega sem á einungis rétt til lífeyris samkvæmt löggjöf eins aðildarríkis, og skulu þær greiddar samkvæmt löggjöf þess aðildarríkis sem ber ábyrgð á lífeyrinum.
- b) bótaþega sem á rétt til lífeyris samkvæmt löggjöf fleiri en eins aðildarríkis:
 - i) samkvæmt löggjöf þess ríkis sem hann er búsettur í, að því tilskildu að hann eigi rétt, samkvæmt löggjöf þess ríkis, á einhverjum þeirra bóta sem getið er í 1. mgr., með tilliti til a-liðar 1. mgr. 79. gr. þar sem við á.
 - ii) í öðrum tilvikum, samkvæmt löggjöf þess aðildarríkis þar sem hann hefur lokið lengsta tryggingatímabilinu, að því tilskildu að hann eigi rétt til einhverra þeirra bóta sem getið er í 1. mgr., með tilliti til a-liðar 1. mgr. 79. gr. þar sem við á; ef hann hefur ekki áunnið sér bótarétt samkvæmt þeirri löggjöf skal athuga hvort hann uppfylli skilyrði fyrir slíkum bótum samkvæmt löggjöf annarra ríkja sem í hlut eiga, fyrst í því aðildarríki þar sem hann hefur lokið lengsta tryggingatímabilinu samkvæmt löggjöf, síðan næstlengsta o.s.frv.

78. gr.

Munaðarleysingjar

1. Hugtakið „bætur“ merkir í þessari grein fjölskyldugreiðslur, og þar sem við á, viðbótar- eða sérgreiðslur fyrir munaðarleysingja og munaðarleysingjalífeyri, þó að undanskildum greiðslum sem veittar eru samkvæmt tryggingakerfum vegna vinnuslysa og atvinnusjúkdóma.

2. Veita skal munaðarleysingjabætur samkvæmt eftirfarandi reglum, óháð því í hvaða aðildarríki munaðarleysinginn, einstaklingurinn eða lögpersónan sem í reynd hefur hann á framfæri sínu er búsettur eða dvelur:

- a) munaðarleysingja látins launþega, sem heyrði aðeins undir löggjöf eins aðildarríkis, samkvæmt löggjöf þess ríkis;
- b) munaðarleysingja látins launþega sem heyrði undir löggjöf nokkurra aðildarríkja:

- i) samkvæmt löggjöf þess aðildarríkis sem munaðarleysinginn er búsettur í, að því tilskildu að hann eigi rétt, samkvæmt löggjöf þess ríkis, á einhverjum þeim bótum sem um getur í 1. mgr. með tilliti til a-liðar 1. mgr. 79. gr. þar sem við á, eða
- ii) í öðrum tilvikum, samkvæmt löggjöf þess aðildarríkis þar sem hinn látni launþegi lauk lengsta tryggingatímabilinu að því tilskildu að hann hafi áunnið sér rétt til einhverra þeirra bóta sem um getur í 1. mgr., með tilliti til a-liðar 1. mgr. 79. gr. þar sem við á; hafi hann ekki áunnið sér rétt til bóta samkvæmt þeirri löggjöf skal athugað hvort skilyrði séu uppfyllt fyrir slíkum bótum samkvæmt löggjöf annarra ríkja sem í hlut eiga, fyrst í því aðildarríki þar sem lengsta tryggingatímabilinu var lokið, síðan næstlengsta o.s.frv., samkvæmt löggjöf þessara ríkja.

Þó skal löggjöf aðildarríkis varðandi bætur, sem um getur í 77. gr., handa börnum lífeyrisþega gilda áfram eftir andlát umrædds lífeyrisþega hvað varðar bætur handa munaðarleysingjum.

79. gr.

Ákvæði sem gilda bæði um börn á framfæri lífeyrisþega og um munaðarleysingja

1. Bætur, í skilningi 77. og 78. gr., skal greiða í samræmi við þá löggjöf sem er ákvörðuð með beitingu ákvæða þessara greina og af þeirri stofnun sem ber ábyrgð á framkvæmd löggjafarinnar og á hennar kostnað eins og lífeyrisþeginn eða hinn látni launþegi hefði einungis heyrnt undir löggjöf hins lögbæra ríkis.

Engu að síður skal:

- a) þar sem löggjöfin bindur rétt einstaklings til að öðlast, viðhalda eða endurheimta bætur við lengd starfs- eða tryggingatímabils, ákvarða tímabilið með tilliti til 45. eða 72. gr. eftir því sem við á;
- b) þar sem löggjöfin gerir ráð fyrir því að útreikningur bóta taki mið af upphæð lífeyris eða lengd tryggingatímabils, reikna upphæð bóttanna út frá viðmiðunarfjárhæðinni sem ákvörðuð er samkvæmt 2. mgr. 46. gr.

2. Leiði framkvæmd reglunnar, sem kveðið er á um í ii-lið b-liðar 2. mgr. 77. gr. og í ii-lið b-liðar 2. mgr. 78. gr., til þess að fleiri aðildarríki beri ábyrgð á bótum af því að tryggingatímabil eru jafnlöng, skal veita bætur í skilningi 77. og 78. gr., eftir því sem við á, í samræmi við löggjöf þess aðildarríkis sem launþeginn heyrði síðast undir.

3. Réttur til bóta samkvæmt 2. mgr. og samkvæmt 77. og 78. gr. skal falla niður ef börnin öðlast rétt til fjölskyldubóta eða fjölskyldugreiðslna samkvæmt löggjöf aðildarríkis vegna iðkunar atvinnustarfsemi. Í því tilviki ber að líta á hlutaðeigandi aðila sem aðstandendur launþega.

IV. BÁLKUR

FRAMKVÆMDARÁÐ UM FÉLAGSLEGT ÖRYGGI FARANDLAUNÞEGA

80. gr.

Skipan og starfshættir

1. Í tengslum við framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins skal starfa framkvæmdaráð um félagslegt öryggi farandlaunþega (hér eftir nefnt „framkvæmdaráðið“) skipað fulltrúum frá ríkisstjórnnum allra aðildarríkjanna auk sérfræðinga sem eru fulltrúunum til ráðgjafar eftir þörfum. Fulltrúi framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins situr fundi framkvæmdaráðsins sem ráðgjafi.

2. Um aðstoð við sérfræðileg málefni skal framkvæmdaráðið leita til Alþjóðavinnuumálaskrifstofunnar svo sem kveðið er á um í samkomulagi þess efnis milli Efnahagsbandalags Evrópu og Alþjóðavinnuumálastofnunarinnar.

3. Fulltrúar framkvæmdaráðsins skulu komast að samkomulagi um reglur þess.

Ákvarðanir um túlkunaratriði sem um getur í a-lið 81. gr. skulu samþykktar samhljóða og birtar á tilskilinn hátt.

4. Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna skal sjá framkvæmdaráðinu fyrir skrifstofuþjónustu.

81. gr.

Hlutverk framkvæmdaráðsins

Eftirfarandi verkefni heyra undir starfssvið framkvæmdaráðsins:

- a) að fjalla um allt er lýtur að framkvæmd eða túlkun þessarar reglugerðar og annarra sem fylgja í kjölfarið, sem og hvers konar samkomulags eða ráðstafana sem gerðar eru í samræmi við þær, án þess að slíkt skerði rétt hlutaðeigandi yfirvalda, stofnana og einstaklinga til að leita réttar síns samkvæmt þeirri málsmeðferð og fyrir þeim dómstólum sem kveðið er á um í löggjöf aðildarríkjanna, reglugerð þessari eða sáttmálanum.
- b) að sjá um þýðingar á skjölum er varða framkvæmd þessarar reglugerðar að beiðni lögbærra yfirvalda, stofnana eða dómstóla aðildarríkjanna, einkum þýðingar á kröfum sem lagðar eru fram af einstaklingum sem rétt gætu átt á bótum samkvæmt reglugerð þessari;
- c) að stuðla að og auka samvinnu milli aðildarríkjanna í öllu er lýtur að almannatryggingum, einkum hvað varðar sameiginlega hagsmuni þeirra í heilbrigðis- og félagsmálum;
- d) að stuðla að og auka samvinnu milli aðildarríkjanna í þeim tilgangi að flýta fyrir bótageiðslum, einkum vegna örorku, elli og andláts (lífeyrir) samkvæmt þessari reglugerð, með því að nýta tæknilegar framfarir í stjórnunarháttum;
- e) að safna saman upplýsingum sem taka þarf tillit til við gerð útreikninga um útgjöld stofnana í aðildarríkjunum samkvæmt reglugerð þessari og við samþykkt ársuppgjörs milli áðurnefndra stofnana;
- f) að taka að sér önnur verkefni sem heyra undir starfssvið þess samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar og annarra sem fylgja í kjölfarið eða samþykkt og ráðstafana sem gerðar kunna að vera í samræmi við þær;
- g) að leggja tillögur fyrir framkvæmdastjórn Efnahagsbandalags Evrópu um frekari útfærslu reglugerða í framhaldi af þessari og til endurskoðunar á þessari reglugerð og öðrum sem fylgja í kjölfar hennar.

V. BÁLKUR

beinar tillögur að dagskrá.

**RÁÐGJAFARNEFND UM FÉLAGSLEGT
ÖRYGGI FARANDLAUNÞEGA**

82. gr.

Stofnsetning, skipan og starfshættir

1. Þrjátíu og sex manna ráðgjafarnefnd um félagslegt öryggi farandlaunþega (hér eftir nefnd „ráðgjafarnefndin“) er hér með skipuð og eru í henni eftirfarandi fulltrúar frá hverju aðildarríkjanna:

- a) tveir fulltrúar ríkisstjórnar og verður að minnsta kosti annar þeirra að eiga sæti í framkvæmdaráðinu;
- b) tveir fulltrúar launþegasamtaka;
- c) tveir fulltrúar frá samtökum vinnuveitenda.

Í öllum aðildarríkjunum skal skipa varamann fyrir hvern ofangreindra hópa.

2. Ráðið skal tilnefna nefndarmenn í ráðgjafarnefndina og varamenn þeirra og skal leitast við, þegar fulltrúar launþegasamtaka og samtaka vinnuveitenda eru valdir, að þeir komi frá helstu greinum atvinnulífsins.

Ráðið skal birta skrá með nöfnum nefndarmanna og varamanna þeirra í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*.

3. Starfstími nefndarmanna og varamanna þeirra er tvö ár og er heimilt að framlengja hann. Við lok starfstímans skulu nefndarmenn og varamenn halda áfram störfum uns aðrir hafa verið tilnefndir í þeirra stað eða þeir skipaðir að nýju.

4. Einn af meðlimum framkvæmdaráðsins eða fulltrúi hans fer með formennsku í ráðgjafarnefndinni. Formaðurinn hefur ekki atkvæðisrétt.

5. Ráðgjafarnefndin skal koma saman einu sinni á ári hið minnsta. Formaður kallar nefndina saman, ýmist að eigin frumkvæði eða að fenginni skriflegri beiðni frá þriðjungi nefndarmanna eða fleiri. Í slíkri beiðni skulu koma fram

6. Við sérstakar aðstæður er ráðgjafarnefndinni heimilt að leita ráða hjá einstaklingum eða fulltrúum samtaka sem hafa viðtæka reynslu af almannatryggingum, enda liggi fyrir tillaga formanns um slíka málaleitan. Nefndin skal þar að auki eiga kost á tæknilegri aðstoð hjá Alþjóðavinnuáskrifstofunni með sömu skilyrðum og framkvæmdaráðið, samkvæmt skilmálum samkomulags milli Efnahagsbandalags Evrópu og Alþjóðavinnuáskrifstofunnarinnar.

7. Ráðgjafarnefndinni ber að færa rök fyrir álitserðum og tillögum sínum. Þær skulu samþykktar með hreinum meirihluta gilda atkvæða.

Meirihluti nefndarmanna skal setja nefndinni starfsreglur og eru þær háðar samþykki ráðsins að fengnu álit framkvæmdastjórnar.

8. Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna skal sjá ráðgjafarnefndinni fyrir skrifstofuþjónustu.

83. gr.

Hlutverk ráðgjafarnefndarinnar

Ráðgjafarnefndin skal hafa umboð til, að beiðni framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna eða að frumkvæði framkvæmdaráðsins:

- a) að fjalla um almennar fyrirspurnir eða fyrirspurnir um meginreglur eða vandamál sem upp kunna að koma við framkvæmd reglugerða sem samþykktar eru í samræmi við 51. gr. sáttmálans;
- b) að semja álitserðir um þessi mál fyrir framkvæmdaráðið sem og tillögur um breytingar á reglugerðunum.

VI. BÁLKUR

86. gr.

ÝMIS ÁKVÆÐI

Kröfur, yfirlýsingar eða áfrýjanir sem lagðar eru fyrir yfirvöld, stofnun eða dómstól í aðildarríki öðru en hinu lögbæra ríki

84. gr.

Samstarf lögbærra yfirvalda

1. Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna skulu tilkynna hvert öðru um:
 - a) allar ráðstafanir sem gerðar eru við framkvæmd þessarar reglugerðar;
 - b) lagabreytingar sem líklegar eru til að hafa áhrif á framkvæmd þessarar reglugerðar.
2. Yfirvöld og stofnanir aðildarríkjanna skulu á virkan hátt stuðla að framkvæmd þessarar reglugerðar og ganga í öllu fram sem um þeirra eigin löggjöf væri að ræða. Slík aðstoð af hálfu aðildarríkjanna skal að jafnaði vera endurgjaldslaus. Lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna er þó heimilt að samþykkja endurgreiðslu vegna ákveðinna útgjalda.
3. Við framkvæmd þessarar reglugerðar er yfirvöldum og stofnunum í aðildarríkjunum heimilt að hafa bein samskipti sín í milli og við hlutaðeigandi aðila eða fulltrúa þeirra.
4. Yfirvöldum, stofnunum og dómstólum eins aðildarríkis er ekki heimilt að hafna kröfum eða öðrum skjölum sem fyrir þau eru lögð á þeirri forsendu að þau séu skrifuð á opinberri þjóðtungu annars aðildarríkis. Í slíkum tilvikum er heimilt að fara eftir ákvæðum b-liðar 81. gr.

85. gr.

**Undanþága frá sköttum eða skattalækkanir —
Undanþága frá staðfestingu skjala**

1. Allar undanþágur frá eða lækkanir á sköttum, stimpilgjöldum og lögbókunar- eða skráningargjöldum sem kveðið er á um í löggjöf eins aðildarríkis vegna vottorða eða annarra skjala sem viðkomandi yfirvöld krefjast samkvæmt löggjöf þess ríkis, skulu einnig ná til hliðstæðra gagna sem löggjöf annarra aðildarríkja eða reglugerð þessi krefjast að lögð séu fram.
2. Allar yfirlýsingar, skjöl og vottorð sem krafist er í samræmi við reglugerð þessa skulu undanþegin staðfestingu utanríkisþjónustu eða ræðismanna.

Allar kröfur, yfirlýsingar eða áfrýjanir sem samkvæmt löggjöf aðildarríkis hefði átt að leggja fram við yfirvöld, stofnun eða dómstól í því aðildarríki innan tiltekins tíma skulu taldar gildar ef gögnin eru lögð fram innan sama tíma við yfirvöld, stofnun eða dómstól í öðru aðildarríki. Í slíku tilviki skulu yfirvöld, stofnun eða dómstóll sem veita viðtöku kröfu, yfirlýsingu eða áfrýjun framsenda þar til bæru yfirvaldi, stofnun eða dómstól fyrri ríkisins þessi gögn tafarlaust, ýmist beint eða fyrir milligöngu lögbærra yfirvalda í hlutaðeigandi ríki. Sá dagur þegar slíkar kröfur, yfirlýsingar eða áfrýjanir eru lagðar fyrir yfirvöld, stofnun eða dómstóll í síðara aðildarríkinu telst vera eiginlegur skiladagur gagnanna til lögbærra yfirvalda, stofnunar eða dómstóls.

87. gr.

Læknisskoðanir

1. Heimilt er að læknisskoðanir, sem kveðið er á um í löggjöf eins aðildarríkis, geti farið fram á yferráðasvæði annars aðildarríkis, að beiðni þar til bærrar stofnunar, og séu gerðar á stofnun á dvalar- eða búsetustað þess aðila sem á rétt á bótum samkvæmt þeim skilmálum sem eru settir í framkvæmdarreglugerðinni sem getið er í 97. gr. eða, ef ekki er unnt að beita þeim, samkvæmt þeim skilmálum sem lögbær yfirvöld hlutaðeigandi aðildarríkja hafa komið sér saman um.
2. Læknisskoðanir sem eru framkvæmdar í samræmi við skilmála 1. mgr. teljast hafa farið fram á yferráðasvæði lögbæra ríkisins.

88. gr.

Yfirfærsla milli aðildarríkja á fjárhæðum sem eru greiddar í samræmi við þessa reglugerð

Samkvæmt ákvæðum 106. gr. sáttmálans skulu yfirfærslur fjárhæða sem greiddar eru í samræmi við þessa reglugerð fylgja viðeigandi samkomulagi sem í gildi er milli hlutaðeigandi aðildarríkja þegar yfirfærslan á sér stað. Nú er

ekkert slíkt samkomulag í gildi milli tveggja aðildarríkja og skulu þá lögbær yfirvöld áðurnefndra ríkja eða yfirvöld sem ábyrg eru fyrir milliríkjagreiðslum semja sín í milli um nauðsynlegar ráðstafanir fyrir slíkar yfirfærslur.

89. gr.

Sérstakar ráðstafanir við framkvæmd ákveðinnar löggjafar

Sérstakar ráðstafanir við framkvæmd ákveðinnar löggjafar í einstökum aðildarríkjum eru settar fram í V. viðauka.

90. gr.

Húsnæðisbætur og fjölskyldubætur sem lögleiddar eru eftir gildistöku þessarar reglugerðar

Af lýðfræðilegum ástæðum skal ekki greiða einstaklingum sem búsettir eru í öðru aðildarríki en hinu lögbæra ríki húsnæðisbætur og, í Lúxemborg, fjölskyldubætur sem lögleiddar eru eftir gildistöku þessarar reglugerðar.

91. gr.

Framlög sem krefjast má af vinnuveitendum eða fyrirtækjum sem ekki starfa í hinu lögbæra ríki

Ekki er hægt að krefja vinnuveitanda um aukin framlög á þeirri forsendu að vinnustöð hans eða skráð skrifstofa eða vinnustöð fyrirtækis hans sé á yfirráðasvæði annars aðildarríkis en hins lögbæra ríkis.

92. gr.

Innheimta iðgjalda

1. Heimilt er að innheimta í einu aðildarríki iðgjöld sem greiða ber stofnun í öðru aðildarríki í samræmi við starfsreglur stjórnvalda og með þeim tryggingum og forréttindum sem gilda um innheimtu iðgjalda sem greiða ber samsvarandi stofnunum í því ríki.

2. Reglur um framkvæmd 1. mgr. skulu, að svo miklu leyti sem þörf krefur, vera háðar framkvæmdarreglugerðinni sem getið er í 97. gr. eða samkomulagi milli aðildarríkja. Slíkar framkvæmdarreglur geta einnig náð yfir reglur til að knýja á um greiðslur.

93. gr.

Réttur stofnana sem bera ábyrgð á bótum gagnvart bótaskyldum þriðja aðila

1. Fáí einstaklingur greiddar bætur samkvæmt löggjöf eins aðildarríkis vegna meiðsla sem hann hlaut í öðru aðildarríki, er réttur stofnunar sem ber ábyrgð á bótageiðslum á hendur bótaskyldum þriðja aðila háður eftirfarandi reglum:

- a) ef stofnunin sem greiðir bæturnar gengur, í krafti þeirrar löggjafar sem hún starfar eftir, inn í réttarstöðu kröfuhafa gagnvart þriðja aðila, skulu öll aðildarríkin viðurkenna slík kröfuhafaskipti;
- b) ef áðurnefnd stofnun á beinan kröfurétt á hendur þriðja aðila, skulu öll aðildarríkin viðurkenna þann rétt.

2. Fáí einstaklingur bætur samkvæmt löggjöf eins aðildarríkis vegna meiðsla sem hann hlaut í öðru aðildarríki, skulu ákvæði áðurnefndrar löggjafar sem ákvarða hvenær vinnuveitendur eða starfsmenn þeirra eru undanþegnir refsí-ábyrgð einnig gilda um áðurnefndan einstakling eða stofnuna sem bæturnar greiðir.

Ákvæði 1. mgr. skulu einnig gilda um rétt stofnunarinnar sem greiðir bæturnar gagnvart vinnuveitanda eða starfsmönnum hans í þeim tilvikum er þeir eru ekki undanþegnir ábyrgð.

VII. BÁLKUR

BRÁÐABIRGÐA- OG LOKAÁKVÆÐI

94. gr.

Ýmis ákvæði

1. Þessi reglugerð veitir engan rétt vegna tímabila sem liðin eru áður en hún öðlast gildi.

2. Við ákvörðun á rétti til bóta samkvæmt reglugerð þessari skal taka athugunar öll tryggingatímabil og, þar sem það á við, öll starfs- og búsetutímabil sem lokið hefur verið samkvæmt löggjöf aðildarríkis áður en þessi reglugerð öðlast gildi.

3. Með fyrirvara um ákvæði 1. mgr. veitir þessi reglugerð rétt til bóta jafnvel vegna tilviks sem kom fram áður en reglugerðin öðlaðist gildi.

4. Allar bætur sem ekki hafa verið veittar eða sem hafa verið felldar niður vegna þjóðernis eða búsetustaðar hlutaðeigandi einstaklings skulu greiddar eða greiðslur teknar upp að nýju ef viðkomandi sækir um slíkt og skulu slíkar greiðslur hefjast við gildistöku reglugerðarinnar hafi réttur þessi ekki þegar verið viðurkenndur og bættur með eingreiðslu.

5. Heimilt er að endurskoða rétt einstaklings til lífeyris sem veittur hefur verið áður en reglugerð þessi öðlaðist gildi með tilliti til ákvæða þessarar reglugerðar, komi umsókn frá hlutaðeigandi einstaklingi um það. Þetta ákvæði gildir einnig um aðrar bætur sem um getur í 78. grein.

6. Ef umsókn sú sem um getur í 4. og 5. mgr. er lögð fram innan tveggja ára frá gildistöku þessarar reglugerðar skulu þau réttindi sem áunnin eru samkvæmt reglugerð þessari gilda frá þeim degi og jafnframt skal óheimilt að beita lagaákvæðum aðildarríkis er varða missi eða takmörkun réttinda gagnvart hlutaðeigandi einstaklingur.

7. Ef umsókn sú sem um getur í 4. og 5. mgr. er lögð fram eftir að tveggja ára fresturinn frá gildistöku reglugerðarinnar er útrunninn, gilda þau réttindi sem hlutaðeigandi hefur ekki þegar misst eða eru háð takmörkum frá þeim degi er umsóknin var lögð fram nema í þeim tilvikum þar sem lagaákvæði aðildarríkisins eru hagstæðari.

8. Þegar um er að ræða bótagreiðslur vegna sjúklunga með herslisryklungu (sclerogenic pneumoconiosis) og hlutaðeigandi stofnanir hafa ekki gert með sér samkomulag, skal c-liður 3. mgr. 57. gr. gilda um peningabætur vegna atvinnusjúkdóms þar sem ekki hefur verið unnt að skipta útgjöldum milli stofnananna fyrir gildistöku þessarar reglugerðar.

9. Framkvæmd 2. mgr. 73. gr. skal á engan hátt skerða réttindi sem áunnin voru fyrir gildistöku þessarar reglugerðar. Einstaklingar sem þegar fá greiddar hagstæðari bætur vegna tvíhliða samkomulags við Frakkland skulu halda þeim svo lengi sem þeir lúta franskri löggjöf. Ekki skal taka til greina vinnuhlé sem eru skemmri en einn mánuður, né heldur tímabil þar sem atvinnuleysis- eða sjúkrabætur fást greiddar. Reglur um framkvæmd þessara ákvæða er að finna

í framkvæmdarreglugerð þeirri sem getið er í 97. grein.

95. gr.

Viðaukar við reglugerð þessa

Heimilt er að breyta viðaukum við þessa reglugerð með reglugerð samþykkt af ráðinu eftir að framkvæmdastjórnin hefur lagt breytingartillögur fyrir ráðið, að beiðni eins eða fleiri aðildarríkja og að fengnu álitum framkvæmdaráðsins.

96. gr.

Tilkynningar varðandi sérstök ákvæði

1. Tilkynningar þær sem um getur í j-lið 1. gr., í 5. gr. og í 2. mgr. 8. gr. skulu sendar forseta ráðs Evrópubandalaganna. Í þeim skal koma fram hvaða dag hlutaðeigandi lög og kerfi öðlast gildi eða, þegar um er að ræða tilkynningar þær sem um getur í j-lið 1. gr., frá hvaða degi skuli beita reglugerð þessari gagnvart þeim kerfum sem tilgreind eru í yfirlýsingum aðildarríkjanna.

2. Tilkynningar sem berast samkvæmt 1. mgr. skulu birtar í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*.

97. gr.

Framkvæmdarreglugerð

Í annarri reglugerð skal kveða á um leiðir við framkvæmd þessarar reglugerðar.

98. gr.

Endurathugun á vandamálum er tengjast greiðslu fjölskyldubóta

Fyrir 1. janúar 1973 skal ráðið, að fenginni tillögu frá framkvæmdastjórninni, gera á ný heildarathugun á vandamálum er tengjast greiðslu fjölskyldubóta til aðstandenda sem ekki eru búsettir í hinu lögbæra ríki, svo að finna megi heildarlausn fyrir öll aðildarríkin.

99. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi skal öðlast gildi á fyrsta degi sjöunda mánaðar frá birtingu framkvæmdarreglugerðarinnar sem getið er í 97. grein í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*.

Báðar þessar reglugerðir fella úr gildi eftirfarandi reglugerðir:

- reglugerð ráðsins nr. 3 um félagslegt öryggi farandlaunþega,
- reglugerð ráðsins nr. 4 þar sem kveðið er á leiðir við framkvæmd reglugerðar nr. 3 ⁽¹⁾ og viðbótarákvæði sett við hana, og

— reglugerð ráðsins (EBE) nr. 36/63 frá 2. apríl 1963 um félagslegt öryggi launþega sem sækja vinnu yfir landamæri ⁽²⁾.

Ákvæði 82. og 83. gr. um skipun ráðgjafarnefndar skulu þó öðlast gildi um leið og framkvæmdarreglugerðin sem getið er í 97. gr. er birt.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Lúxemborg 14. júní 1971.

Fyrir hönd ráðsins,

M. COINTAT

forseti.

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. 30, 16. 12. 1958, bls. 597/58.

⁽²⁾ Stjútíð. EB nr. 62, 20. 4. 1963, bls. 1314/63.

*I. VIÐAUKI***(u-liður 1. gr. reglugerðarinnar)**

Sérstakar bætur vegna fæðingar sem undanþegnar eru ákvæðum reglugerðarinnar samkvæmt u-lið 1. gr.

A. BELGÍA

Bætur vegna fæðingar.

B. ÞÝSKALAND

Engar.

C. FRAKKLAND

a) Meðgöngubætur.

b) Mæðralaun samkvæmt almannatryggingalögum (code de la sécurité sociale).

D. ÍTALÍA

Engar.

E. LÚXEMBORG

Fæðingarbætur.

F. HOLLAND

Engar.

*II. VIÐAUKI***(c-liður 2. mgr. 7. gr. og 3. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar)**

Ákvæði samninga um félagslegt öryggi sem gilda áfram þrátt fyrir 6. gr. reglugerðarinnar — Ákvæði samninga um félagslegt öryggi sem taka ekki til einstaklinga sem reglugerðin nær til

ALMENNAR ATHUGASEMDIR

1. Þar sem í viðauka þessum er vísað til ákvæða annarra samninga skulu samsvarandi ákvæði reglugerðarinnar koma í staðinn, nema ákvæði samninga þeirra sem í hlut eiga komi sjálf fram í viðaukanum.
2. Uppsagnarákvæði í samningi um félagslegt öryggi gilda einnig um þau ákvæði sammingsins sem tekin hafa verið upp í viðauka þennan.

A

Ákvæði samninga um félagslegt öryggi sem eiga áfram við þrátt fyrir 6. gr. reglugerðarinnar.

(c-liður 2. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar)

1. BELGÍA – ÞÝSKALAND

- a) 3. og 4. gr. lokabókunar frá 7. desember 1953 við hinn almenna samning frá þeim degi, í þeirri gerð sem fram kemur í viðbótarbókun frá 10. nóvember 1960.

- b) Viðbótarsamkomulag nr. 3 frá 7. desember 1957 við hinn almenna samning frá þeim degi, í þeirri gerð sem hann kemur fram í viðbótarbókun frá 10. nóvember 1960 (lífeyrisgreiðslur fyrir tímabil á undan gildistöku almenna samningsins).

2. BELGÍA – FRAKKLAND

- a) 13., 16. og 23. gr. viðbótarsamkomulags frá 17. janúar 1948 við almenna samninginn frá þeim degi (um verkamenn í námuvinnu og svipuðum störfum).
- b) Bréfaskipti frá 27. febrúar 1953 (um beitingu 2. mgr. 4. gr. almenna samningsins frá 17. janúar 1948).
- c) Bréfaskipti frá 29. júlí 1953 um bætur til aldraðra starfsmanna.

3. BELGÍA – ÍTALÍA

29. gr. samningsins frá 30. apríl 1948.

4. BELGÍA – LÚXEMBORG

3., 4., 5., 6. og 7. gr. samnings frá 16. nóvember 1959, í þeirri gerð sem fram kemur í samningnum frá 12. febrúar 1964 (launþegar sem sækja vinnu yfir landamæri).

5. BELGÍA – HOLLAND

Engin.

6. ÞÝSKALAND – FRAKKLAND

- a) 1. mgr. 11. gr., 2. mgr. 16. gr. og 19. gr. hins almenna samnings frá 10. júlí 1950.
- b) 9. gr. viðbótarsamkomulags nr. 1 frá 10. júlí 1950 við hinn almenna samning frá þeim degi (um verkamenn í námuvinnu og svipuðum störfum).
- c) Viðbótarsamkomulag nr. 4 frá 10. júlí 1950 við hinn almenna samning frá þeim degi, í þeirri gerð sem fram kemur í viðbótarþætti nr. 2 frá 18. júní 1955.
- d) I. og III. bálkur viðbótarþáttar nr. 2 frá 18. júní 1955.
- e) Liðir 6 – 8 í almennu bókuninni frá 10. júlí 1950 við almenna samninginn frá þeim degi.
- f) II., III. og IV. bálkur samkomulags frá 20. desember 1963 (um félagslegt öryggi í Saarlandi).

7. ÞÝSKALAND – ÍTALÍA

- a) 3. (2. mgr.), 23. (2. mgr.), 26. og 36. (3. mgr.) gr. samningsins frá 5. maí 1953 (um félagslegt öryggi).
- b) Viðbótarsamkomulag frá 12. maí 1953 við samninginn frá 5. maí 1953 (um lífeyrisgreiðslur fyrir tímabil áður en samningurinn tók gildi).

8. ÞÝSKALAND – LÚXEMBORG

4., 5. 6. og 7. gr. samningsins frá 11. júlí 1959 (sættir í deilu Þýskalands og Lúxemborgar) og 2. mgr. 11. gr. samningsins frá 14. júlí 1960 (bætur vegna veikinda og meðgöngu og fæðingar til handa þeim sem kosið hafa að lúta löggjöf þess lands sem komið er frá).

9. ÞÝSKALAND – HOLLAND
- a) 2. mgr. 3. gr. samningsins frá 29. mars 1951.
 - b) 2. og 3. gr. viðbótarsamkomulags nr. 4 frá 21. desember 1956 við samninginn frá 29. mars 1951 (um uppgjör vegna réttinda sem hollenskir launþegar hafa aflað sér samkvæmt þýska almannatryggingakerfinu frá 13. maí 1940 til 1. september 1945).
10. FRAKKLAND – ÍTALÍA
- a) 20. og 24. gr. hins almenna samnings frá 31. mars 1948.
 - b) Bréfaskipti frá 3. mars 1956 (um sjúkrabætur til handa launþegum í árstíðabundnum landbúnaðarstörfum).
11. FRAKKLAND – LÚXEMBOURG
11. og 14. gr. viðbótarsamkomulags frá 12. nóvember 1949 við almenna samninginn frá þeim degi (um verkamenn í námuvinnu og svipuðum störfum).
12. FRAKKLAND – HOLLAND
11. gr. viðbótarsamkomulags frá 1. júní 1954 við almenna samninginn frá 7. janúar 1950 (um verkamenn í námuvinnu og svipuðum störfum).
13. ÍTALÍA – LÚXEMBOURG
2. mgr. 18. gr. og 24. gr. almenna samningsins frá 29. maí 1951.
14. ÍTALÍA – HOLLAND
2. mgr. 21. gr. almenna samningsins frá 28. október 1952.
15. LÚXEMBOURG – HOLLAND
- Engin.

B

Ákvæði í samningum sem taka ekki til allra þeirra einstaklinga sem reglugerðin nær til

(3. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar)

1. BELGÍA – ÞÝSKALAND
- a) 3. og 4. gr. lokabókunar frá 7. desember 1957 við almenna samninginn frá þeim degi, í þeirri gerð sem fram kemur í viðbótarbókun frá 10. nóvember 1960.
 - b) Viðbótarsamkomulag nr. 3. frá 7. desember 1957 við almenna samninginn frá þeim degi, í þeirri gerð sem fram kemur í viðbótarbókun frá 10. nóvember 1960 (um líffeyrisgreiðslur fyrir tímabil á undan gildistöku almenna samningsins).
2. BELGÍA – FRAKKLAND
- a) Bréfaskipti frá 29. júlí 1953 um bætur til aldraðra starfsmanna.
 - b) 23. gr. viðbótarsamkomulags frá 17. janúar 1948 við almenna samninginn frá þeim degi (um verkamenn í námuvinnu og svipuðum störfum),
 - c) Bréfaskipti frá 27. febrúar 1953 (um beitingu 2. mgr. 4. gr. almenna samningsins frá 17. janúar 1948).

3. BELGÍA – ÍTALÍA
Engin.
4. BELGÍA – LÚXEMBORG
Engin.
5. BELGÍA – HOLLAND
Engin.
6. ÞÝSKALAND – FRAKKLAND
 - a) 2. mgr. 16. gr. og 19. gr. í almenna samningnum frá 10. júlí 1950.
 - b) Viðbótarsamkomulag nr. 4 frá 10. júlí 1950 við almenna samninginn frá þeim degi, í þeirri gerð sem fram kemur í viðbótarþætti nr. 2 frá 18. júní 1955.
 - c) I. og III. bálkur viðbótarþáttar nr. 2 frá 18. júní 1955.
 - d) Liðir 6 – 8 í hinni almennu bókun frá 10. júlí 1950 við almenna samninginn frá þeim degi.
 - c) II., III. og IV. bálkur samkomulags frá 20. desember 1963 (um félagslegt öryggi í Saarlandi).
7. ÞÝSKALAND – ÍTALÍA
 - a) 2. mgr. 3. gr. og 26. gr. sammings frá 5. maí 1953 (um félagslegt öryggi).
 - b) Viðbótarsamkomulag frá 12. maí 1953 við samning frá 5. maí 1953 (um lífeyrisgreiðslur fyrir tímabil á undan gildistöku sammingsins).
8. ÞÝSKALAND – LÚXEMBORG
4. – 7. gr. sammings frá 11. júní 1959 (um sættir í deilu Þýskalands og Lúxemborgar).
9. ÞÝSKALAND – HOLLAND
 - a) 2. mgr. 3. gr. sammings frá 29. mars 1951.
 - b) 2. og 3. gr. viðbótarsamkomulags nr. 4 frá 21. desember 1956 við samninginn frá 29. mars 1951 (um uppgjör vegna réttinda sem hollenskir launþegar hafa aflað sér samkvæmt þýska almannatryggingakerfinu frá 13. maí 1940 til 1. september 1945).
10. FRAKKLAND – ÍTALÍA
 - a) 20. og 24. gr. almenna sammingsins frá 31. mars 1948.
 - b) Bréfaskipti frá 3. mars 1956 (um sjúkrabætur til handa launþegum í árstíðabundnum landbúnaðarstörfum).
11. FRAKKLAND – LÚXEMBORG
Engin.
12. FRAKKLAND – HOLLAND
Engin.
13. ÍTALÍA – LÚXEMBORG
Engin.
14. ÍTALÍA – HOLLAND
Engin.
15. LÚXEMBORG – HOLLAND
Engin.

*III. VIÐAUKI***(2. mgr. 37. gr. reglugerðarinnar)****Löggjöf sem vísað er til í 1. mgr. 37. gr. reglugerðarinnar sem kveður á um að upphæð örorkubóta sé óháð lengd tryggingatímabila****A. BELGÍA**

Löggjöf um almennar örorkutryggingar, örorkutryggingu námumanna, og örorkutryggingu sjómanna á kaupskipaflotanum.

B. ÞÝSKALAND

Engin.

C. FRAKKLAND

Öll löggjöf um örorkutryggingar, nema löggjöf um örorkutryggingu innan almannatryggingakerfis námumanna.

D. ÍTALÍA

Engin.

E. LÚXEMBOURG

Engin.

F. HOLLAND

Lög frá 18. febrúar 1966 um örorkutryggingu.

IV. VIÐAUKI

(3. mgr. 40. gr. reglugerðarinnar)

Samræmi í löggjöf aðildarríkja um ákvörðun örorkustigs

BELGÍA

Aðildar- ríki	Tryggingakerfi stofnana í aðildarríkjunum sem hafa ákveðið að viðurkenna örorkustig	Tryggingakerfi stofnana í Belgíu, sem ákvörðun er bindandi fyrir, ef um samræmi er að ræða			
		Almenna kerfið	Tryggingar námumanna		Tryggingar sjómanna
			Almenn örorka	Starfsörorka	
FRANKLAND	1. Almenna kerfið : — III. flokkur (stöðug umönnun) — II. flokkur — I. flokkur	} Samræming	} Samræming	} Samræming	} Samræming
	2. Tryggingar í landbúnaði: — alger almenn örorka — almenn örorka að tveimur þriðju — stöðug umönnun	} Samræming	} Samræming	} Samræming	} Samræming
	3. Tryggingar námumanna: — almenn örorka að hluta — stöðug umönnun — starfsörorka	} Samræming Engin samræming	} Samræming Engin samræming	} Samræming Engin samræming	} Samræming Engin samræming
	4. Tryggingar sjómanna: — almenn örorka — stöðug umönnun — starfsörorka	} Samræming Engin samræming	} Samræming Engin samræming	} Samræming Engin samræming	} Samræming Engin samræming
ÍTALÍA	1. Almenna kerfið : — örorka — verkafólk — örorka — skrifstofufólk	} Samræming	} Samræming	} Samræming	} Samræming
	2. Tryggingar sjómanna: — vanhæfni til sjómennsku	Engin samræming	Engin samræming	Engin samræming	Engin samræming
LÚXEM- BORG	Starfsörorka — verkafólk — skrifstofufólk	} Samræming	} Samræming	} Samræming	} Samræming

FRAKKLAND

Aðildar- ríki	Tryggingakerfi stofnana í aðildarríkjunum sem hafa ákveðið að viðurkenna örorkustig	Tryggingakerfi stofnana í Frakklandi, sem ákvörðun er bindandi fyrir, ef um samræmi er að ræða											
		Almenna kerfið			Tryggingar í landbúnaði			Tryggingar námamanna			Tryggingar sjómanna		
		I. flokkur	II. flokkur	III. flokkur Stöðug umönnun	Örorka að 2/3	Alger örorka	Stöðug umönnun	Almenn örorka að 2/3	Stöðug umönnun	Starfs- örorka	Almenn örorka að 2/3	Alger starfs- örorka	Stöðug umönnun
BELGÍA	1. Almenna kerfið:	Samræm- ing	Engin sam- ræming	Engin sam- ræming	Samræm- ing	Engin sam- ræming	Engin sam- ræming	Samræm- ing	Engin sam- ræming	Engin sam- ræming	Engin sam- ræming	Engin sam- ræming	Engin sam- ræming
	2. Tryggingar námumanna: — almenn örorka að hluta	Samræm- ing	Engin sam- ræming	Engin sam- ræming	Samræm- ing	Engin sam- ræming	Engin sam- ræming	Samræm- ing	Engin sam- ræming	Engin sam- ræming	Engin sam- ræming	Engin sam- ræming	Engin sam- ræming
	— starfsörorka	Engin sam- ræming	Engin sam- ræming	Engin sam- ræming	Engin sam- ræming	Engin sam- ræming	Engin sam- ræming	Engin sam- ræming	Engin sam- ræming	Engin sam- ræming ⁽²⁾			
	3. Tryggingar sjómanna:	Samræm- ing ⁽¹⁾	Engin sam- ræming	Engin sam- ræming	Samræm- ing ⁽¹⁾	Engin sam- ræming	Engin sam- ræming	Samræm- ing ⁽¹⁾	Engin sam- ræming	Engin sam- ræming	Engin sam- ræming	Engin sam- ræming	Engin sam- ræming
ÍTALÍA	1. Almenna kerfið: — örorka — verkafólk	Samræm- ing	Engin sam- ræming	Engin sam- ræming	Samræm- ing	Engin sam- ræming	Engin sam- ræming	Samræm- ing	Engin sam- ræming	Engin sam- ræming	Engin sam- ræming	Engin sam- ræming	Engin sam- ræming
	— örorka — skrifstofufólk	Engin sam- ræming	Engin sam- ræming	Engin sam- ræming	Engin sam- ræming	Engin sam- ræming	Engin sam- ræming	Engin sam- ræming	Engin sam- ræming	Engin sam- ræming	Engin sam- ræming	Engin sam- ræming	Engin sam- ræming
	2. Tryggingar sjómanna:	Engin sam- ræming	Engin sam- ræming	Engin sam- ræming	Engin sam- ræming	Engin sam- ræming	Engin sam- ræming	Engin sam- ræming	Engin sam- ræming	Engin sam- ræming	Engin sam- ræming	Engin sam- ræming	Engin sam- ræming
LÚXEMBOURG	Örorka — verkafólk	Samræm- ing	Engin sam- ræming	Engin sam- ræming	Samræm- ing	Engin sam- ræming	Engin sam- ræming	Samræm- ing	Engin sam- ræming	Engin sam- ræming	Engin sam- ræming	Engin sam- ræming	Engin sam- ræming
	Örorka — skrifstofufólk	Engin sam- ræming	Engin sam- ræming	Engin sam- ræming	Engin sam- ræming	Engin sam- ræming	Engin sam- ræming	Engin sam- ræming	Engin sam- ræming	Engin sam- ræming	Engin sam- ræming	Engin sam- ræming	Engin sam- ræming

⁽¹⁾ Að því marki sem örorka sú, sem belgíska stofnunin viðurkennir, er almenn örorka.

⁽²⁾ Aðeins ef belgíska stofnunin hefur viðurkennt að launþegi sé ófær til vinnu ofan- eða neðanjarðar.

ÍTALÍA

Aðildar- ríki	Tryggingakerfi stofnana í aðildarríkjunum sem hafa ákveðið að viðurkenna örorkustig	Tryggingakerfi stofnana á Ítalíu, sem ákvörðun er bindandi fyrir, ef um samræmi er að ræða		
		Almenna kerfið		Tryggingar sjómanna Vanhæfni til sjómennsku
		Verkafólk	Skrifstofufólk	
BELGÍA	1. Almenna kerfið :	Samræming	Samræming	Engin samræming
	2. Tryggingar námumanna: — almenn örorka að hluta — starfsörorka	Samræming Engin samræming	Samræming Engin samræming	Engin samræming Engin samræming
	3. Tryggingar sjómanna: — vanhæfni til sjómennsku	Engin samræming	Engin samræming	Engin samræming
FRANKLAND	1. Almenna kerfið : — III. flokkur (stöðug umönnun) — II. flokkur — I. flokkur	} Samræming	} Samræming	} Engin samræming
	2. Tryggingar í landbúnaði: — alger almenn örorka — almenn örorka að hluta — stöðug umönnun	} Samræming	} Samræming	} Engin samræming
	3. Tryggingar námumanna: — almenn örorka að hluta — stöðug umönnun — starfsörorka	} Samræming Engin samræming	} Samræming Engin samræming	} Engin samræming Engin samræming
	4. Tryggingar sjómanna: — almenn örorka að hluta — stöðug umönnun — starfsörorka	} Engin samræming	} Engin samræming	} Engin samræming
LÚXEM- BORG	Starfsörorka — verkafólk — skrifstofufólk	Samræming Engin samræming	Samræming Engin samræming	} Engin samræming

LÚXEMBOURG

Aðildar- ríki	Tryggingakerfi stofnana í aðildarríkjunum sem hafa ákveðið að viðurkenna örorkustig	Tryggingakerfi stofnana í Lúxemborg, sem ákvörðun er bindandi fyrir, ef um samræmi er að ræða	
		Starfsörorka — Verkafólk	Starfsörorka — Skrifstofufólk
BELGÍA	1. Almenna kerfið : 2. Tryggingar námumanna: — almenn örorka að hluta — starfsörorka 3. Tryggingar sjómanna:	Samræming Samræming Engin samræming Samræming ¹	Samræming Samræming Engin samræming Samræming ¹
FRAKKLAND	1. Almenna kerfið : — III. flokkur (stöðug umönnun) — II. flokkur — I. flokkur 2. Tryggingar í landbúnaði: — alger almenn örorka — almenn örorka að 2/3 — stöðug umönnun 3. Tryggingar námumanna: — almenn örorka að 2/3 — stöðug umönnun — starfsörorka 4. Tryggingar sjómanna: — almenn örorka að hluta — stöðug umönnun — starfsörorka	} Samræming } } Samræming Engin samræming } Samræming Engin samræming	} Samræming } } Samræming Engin samræming } Samræming Engin samræming
ÍTALÍA	1. Almenna kerfið : — örorka — verkafólk — örorka — skrifstofufólk 2. Tryggingar sjómanna: — vanhæfni til sjómennsku	Samræming Engin samræming	} Samræming

(¹) Að því marki sem örorka sú sem belgíska stofnunin viðurkennir er almenn örorka.

V. VIDAUKI

(89. gr. reglugerðarinnar)

Sérstök tilhögun við beitingu á löggjöf ákveðinna aðildarríkja

A. BELGÍA

1. Ákvæði í 1-lið a-liðar 1. gr. reglugerðarinnar gilda ekki um sjálfstætt starfandi einstaklinga eða aðra þá sem fá lækniástoð samkvæmt lögum frá 9. ágúst 1963 um stofnun og skipulag skyldutrygginga fyrir sjúkdómum og örorku, nema þeir njóti sama réttar og launþegar.
2. Við beitingu þar til bærrar stofnunar í Belgíu á ákvæðum 7. og 8. kafla í III. bálki reglugerðarinnar skal litið svo á að barn hafi alist upp í því ríki sem það dvelur í.
3. Að því er varðar 2. mgr. 46. gr. reglugerðarinnar skulu ellilífeyrstryggingatímabil, sem liðin eru fyrir 1. janúar 1945 samkvæmt belgískri löggjöf, einnig tekin til greina sem tryggingatímabil samkvæmt belgískri löggjöf um almennar örorkutryggingar og tryggingar sjómanna.

B. ÞÝSKALAND

1. a) Þar sem engin slystryggingarákvæði hafa verið í gildi í þýskri löggjöf ber þýskum stofnunum einnig að greiða bætur samkvæmt þýskri löggjöf vegna vinnuslysa sem urðu í Elsass-Lótríngen og atvinnusjúkdóma sem upp komu þar fyrir 1. janúar 1919, hafi franskar stofnanir ekki tekið ábyrgð á þeim samkvæmt ákvörðun ráðs Þjóðabandalagsins hinn 21. júní 1921 (Reichsgesetzblatt bls. 1289) þegar bótaþegi eða eftirlifendur hans eru búsettir í aðildarríki.
- b) 10. gr. reglugerðarinnar hefur ekki áhrif á ákvæði þess efnis að bætur skuli ekki greiðast vegna slysa (eða atvinnusjúkdóma) sem orðið hafa eða komið hafa upp utan Sambandslýðveldisins Þýskalands né heldur vegna tryggingatímabila sem maður hefur aflað sér utan þess, eða skuli aðeins greiðast með tilteknum skilyrðum, þegar þeir sem njóta myndu bótaréttar eru búsettir utan Sambandslýðveldisins Þýskalands.
2. a) Við ákvörðun á því hvort taka skuli tímabil sem í þýskri löggjöf eru talin óvirk tímabil (Ausfallzeiten) eða viðbótartímabil (Zurechnungszeiten) til greina sem slík, skal fara með skylduðgjöld sem innt hafa verið af hendi samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis, svo og tryggingar samkvæmt lífeyrstryggingakerfi annars aðildarríkis, sem skylduðgjöld innt af hendi samkvæmt þýskri löggjöf og tryggingu samkvæmt þýska lífeyrstryggingakerfinu.

Þegar taldir eru almanaksmánuðirnir sem liðnir eru frá því hinn tryggði komst inn í tryggingarkerfið og þar til áhættan kemur fram, skulu tímabil sem lokið var á þessu skeiði samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis ekki tekin til greina, né heldur tímabil þegar hinn tryggði hefur notið lífeyris.
- b) Ákvæði a-liðar gilda ekki um staðahlé (pauschale Ausfallzeit). Staðahlé skal einungis ákvarðað á grundvelli tryggingatímabila sem lokið hefur verið í Þýskalandi.

- c) Ákvörðun um hvort viðbótartímabil (Zurechnungszeit) komi til greina samkvæmt þýskri löggjöf um lífeyristryggingu námumanna er einnig háð því skilyrði að síðasta iðgjaldsgreiðsla, greidd samkvæmt þýskri löggjöf, hafi verið greidd til lífeyristryggingakerfis námumanna.
- d) Við ákvörðun um hvort þýsk uppbótartímabil (Ersatzzeiten) komi til greina skal einungis beita þýskri löggjöf.
- e) Þrátt fyrir ákvæði d-liðar gildir eftirfarandi ákvæði um þá sem tryggðir hafa verið samkvæmt þýska lífeyristryggingakerfinu og búsettir voru á þýsku yfirráðasvæði undir hollenskri stjórn á tímabilinu frá 1. janúar 1948 til 31. júlí 1963; ef taka skal til greina þýsk uppbótartímabil (Ersatzzeiten) í skilningi 2. mgr. 1252. gr. þýsku almannatryggingalaganna (RVO), eða sams konar ákvæði, skulu skil á iðgjaldagreiðslum samkvæmt hollenskum almannatryggingum talin jafngild því að viðkomandi hafi verið launþegi eða stundað starf sem fellur undir skyldutryggingar í merkingu þýskra laga.
3. Hvað snertir greiðslur til þýskra sjúkratryggingasjóða skal fresta skylduiðgjöldum þeim sem um getur í 2. mgr. 26. gr. reglugerðarinnar, þar til ákvörðun hefur verið tekin um bótakröfur.
4. Er meta skal hvort greiddar skuli munaðarleysingjábætur með barni, teljast hverjar þær bætur sem greiddar eru samkvæmt 2. mgr. 78. gr., svo og aðrar fjölskyldubætur greiddar samkvæmt franskri löggjöf með barni undir lögaldri sem búsett er í Frakklandi, munaðarleysingjábætur samkvæmt þýskri löggjöf.
5. Hafi beiting þessarar reglugerðar eða síðari reglugerða um félagslegt öryggi í för með sér óvænt útgjöld fyrir ákveðnar sjúkratryggingastofnanir, má endurgreiða þau að hluta eða að öllu leyti. Alríkissamband svæðissjúkrasjóða skal þá í hlutverki sínu sem samskiptastofnun um sjúkratryggingar taka ákvörðun um slíkar endurgreiðslur með samkomulagi við önnur stjórnarsamtök sjúkrasjóða. Fjármagns þess sem með þarf vegna slíkra endurgreiðslna skal aflað með sköttum á allar sjúkratryggingastofnanir í hlutfalli við meðalfjölda bótaþega á næstliðnu ári, að meðtöldum þeim sem látið hafa af störfum vegna aldurs.
6. Sé þýsk stofnun bær til að greiða fjölskyldubætur samkvæmt 7. kafla III. bóls reglugerðarinnar, skal sá sem tryggður er skylduatvinnuleysistryggingu, svo og sá sem vegna slíkrar tryggingar fær bætur í peningum samkvæmt sjúkratryggingu eða sambærilegar bætur, talinn launþegi (a-liður 1. gr. reglugerðarinnar).

C. FRAKKLAND

1. a) Bætur til aldraðra starfsmanna sem frönsk löggjöf gerir ráð fyrir handa frönskum launþegum skulu veittar öllum launþegum sem eru ríkisborgarar annarra aðildarríkja samkvæmt þessum skilyrðum, séu þeir búsettir á frönsku landi á þeim tíma er þeir leggja fram kröfu um bætur.
- b) Hið sama gildir um flóttamenn og ríkisfangslausa menn.
- c) Ákvæði reglugerðarinnar hafa ekki áhrif á ákvæði franskra laga, en samkvæmt þeim skal aðeins taka til greina starfstímabil, eða jafngild tímabil, sem launþegi hefur lokið á frönsku yfirráðasvæði í Evrópu, eða í frönsku umdæmunum utan Evrópu (Guadeloupe,

Guiana, Martinique og Réunion), þegar metinn er bótaréttur fyrir aldraða starfsmenn.

2. Sérstakar bætur og uppsafnaðar bætur, sem kveðið er á um í sérstakri löggjöf um tryggingar í námuvinnu, skulu aðeins greiddast launþegum sem starfa í frönskum námum.
3. Lög nr. 65 – 655 frá 10. júlí 1965, er veita frönskum ríkisborgurum sem stunda eða hafa stundað atvinnustarfsemi erlendis aðgang að frjálsum ellilífeyristryggingum, gilda um ríkisborgara annarra aðildarríkja að eftirtöldum skilyrðum uppfylltum:
 - atvinnustarfsemin, sem veitir aðgang að frjálsri tryggingu, má samkvæmt franska kerfinu hvorki vera stunduð né hafa verið stunduð á frönsku landi né í því aðildarríki þar sem launþeginn á ríkisfang,
 - er launþegi leggur fram bótakröfu verður hann annaðhvort að sanna að hann hafi verið búsettur í Frakklandi eigi skemur en í tíu ár samfelld eða að hann hafi um jafnlangt skeið heyrnt undir franska löggjöf um skyldutryggingar eða frjálsar viðvarandi tryggingar.
4. Orðið „fjölskyldubætur“ í skilningi 3. mgr. 73. gr. reglugerðarinnar tekur til:
 - a) meðgöngubóta samkvæmt grein L 516 í almannatryggingalögum,
 - b) fjölskyldubóta samkvæmt greinum L 524 og L 531 í almannatryggingalögum,
 - c) jöfnunargreiðslna til skattalækkunar samkvæmt grein L 532 í almannatryggingalögum, sem þó verða aðeins greiddar ef laun sem þegin eru á starfstímanum eru tekjuskattsskyld í Frakklandi,
 - d) hinna einstöku launabóta samkvæmt grein L 533 í almannatryggingalögum.

D. ÍTALÍA

Engin

E. LÚXEMBOURG

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 94. gr. reglugerðarinnar skal aðeins taka til greina tryggingatímabil eða jafngild tímabil, sem lokið er fyrir 1. janúar 1946, samkvæmt löggjöf í Lúxemborg um örorku-, ellilífeyris- eða dánarbætur við beitingu þeirra laga, að því leyti að halda skal við réttindum, sem hinn tryggði hefur aflað sér, til 1. janúar 1959 eða þau endurnýjuð síðar samkvæmt þeirri löggjöf, eða samkvæmt tvíhliða samningum sem þegar eru í gildi eða sem síðar verða gerðir. Séu margir tvíhliða samningar í gildi skal taka til greina þau tryggingatímabil eða jafngild tímabil sem elst eru.

F. HOLLAND

1. *Sjúkratrygging ellilífeyrisþega*

- a) Við beitingu 27. og/eða 28. gr. skal litið svo á að einstaklingur, sem bæði nýtur ellilífeyris samkvæmt hollenskri löggjöf og lífeyris samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis, eigi rétt á aðstoð, enda fullnægi hann, þegar tekið hefur verið tillit til ákvæða 9. gr., eftir því sem við á, skilyrðum til þátttöku í frjálsum sjúkratryggingum aldraða.

- b) Fyrir þá sem eru búsettir í öðru aðildarríki skulu iðgjöld til frjálsra sjúkratrygginga aldraðra nema hálfum þeim kostnaði sem að meðaltali er greiddur í Hollandi fyrir læknishjálp til aldraðs manns og fjölskyldu hans.

2. *Beiting hollenskra laga um almennar ellilífeyrstryggingar*

- a) Tryggingatímabil frá því fyrir 1. janúar 1957 sem lauk áður en viðtakandi, sem var búsettur í Hollandi eftir fimmtán ára aldur, uppfyllti skilyrði um að með þau yrði farið sem tryggingatímabil, eða tryggingatímabil sem liðu meðan hann var búsettur í öðru aðildarríki og stundaði störf sem hollenskur launþegi fyrir vinnuveitanda búsettan í Hollandi, skulu einnig tekin til greina sem tryggingatímabil samkvæmt hollenskri löggjöf um almennar ellilífeyrstryggingar.
- b) Tímabil sem til greina koma samkvæmt a-lið skulu þó ekki tekin til greina ef þau falla saman við tímabil sem tekin eru til greina við útreikning á lífeyri þeim sem greiða skal samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis um ellilífeyrstryggingar.
- c) Þegar metinn er lífeyrisréttur eiginkonu manns, sem á rétt á lífeyri samkvæmt hollenskri löggjöf um almennar ellilífeyrstryggingar, skal sá tími sem hjúskapur stóð áður en hún náði sextú og fimm ára aldri talinn sem hluti af tryggingatímabili, hafi hún verið búsett á yfirráðasvæði eins eða fleiri aðildarríkja á þeim tíma, að því marki sem þau falla saman við tryggingatímabil sem eiginmaður hennar hefur áunnið sér samkvæmt þeirri löggjöf, og þau tryggingatímabil sem taka skal til greina samkvæmt a-lið.
- d) Tímabil sem til greina koma samkvæmt c-lið skulu þó ekki metin ef þau falla saman við tímabil sem lögð eru til grundvallar útreikningi á bótum sem greiða skal eiginkonunni samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis um almennar ellilífeyri, eða við tímabil sem hún hefur notið ellilífeyris á samkvæmt slíkri löggjöf.
- e) Ákvæði tveggja undanfarandi staflíða gilda á hliðstæðan hátt ef kona hefur verið gift manni sem hefur heyrt undir hollenska löggjöf um ellilífeyrstryggingar, eða er talinn hafa lokið tryggingatímabilum samkvæmt a-lið.
- f) Aðeins skal taka til greina tímabil sem tiltekin eru í a og c-liðum til útreiknings á ellilífeyri ef bótaþegi hefur verið búsettur í einu eða fleiri aðildarríkjum í sex ár eftir að hafa náð fimmtíu og níu ára aldri, og á meðan hann er búsettur í einhverju þeirra.

3. *Beiting hollenskra laga um ekkna- og munaðarleysingjabætur*

- a) Við beitingu 2. mgr. 46. gr. reglugerðarinnar skulu tímabil frá því fyrir 1. október 1959 er launþegi var búsettur á hollensku yfirráðasvæði eftir fimmtán ára aldur, eða meðan hann var búsettur í öðru aðildarríki en stundaði störf sem hollenskur launþegi fyrir vinnuveitanda búsettan í Hollandi, einnig tekin til greina sem tryggingatímabil samkvæmt hollenskri löggjöf almennar um ekkna- og munaðarleysingjatrýggingar.
- b) Tímabil samkvæmt a-lið skulu ekki tekin til greina þegar þau falla saman við tryggingatímabil sem lokið hefur verið samkvæmt löggjöf annars ríkis um eftirlífendalífeyri.

4. Beiting hollenskra laga um örorkubætur

- a) Við beitingu 2. mgr. 46. gr. reglugerðarinnar skal litið svo á að tímabil sem lokið hefur verið í launuðu starfi og jafngild tímabil sem lokið hefur verið samkvæmt hollenskri löggjöf fyrir 1. júlí 1967 séu einnig tryggingatímabil sem lokið hefur verið samkvæmt hollenskri löggjöf um örorkutryggingar.
- b) Litið skal svo á að tímabil þau, sem taka ber til greina samkvæmt a-lið, séu tryggingatímabil sem lokið hefur verið samkvæmt slíkri löggjöf sem frá greinir í 1. mgr. 37. gr. reglugerðarinnar.